



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. maí 2009 – 107. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Útlitið ekki aðalmálið

Megrunarlausni dagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim í dag.

TÍMAMÓT 16



Ásdís opin fyrir öllu

Ísdrottningin hræðist ekki flutninga frá Búlgaríu.

FÓLK 30

Yale eltir Sharp

Söngvarinn á í útistöðum við gamla skólann sinn.

FÓLK 22

Í kvennaboltann

Benedikt Guðmundsson sem gerði karlaðið KR að Íslandsmeisturum í körfubolta hefur tekið við kvennaliði félagsins.

ÍPRÓTTIR 24



VEÐRIÐ Í DAG



BJART SUNNAN TIL í dag verða norðaustan 3-8 m/s en stífar í kvöld. Skúrir eða slyduél norðan og austan til en bjart lengst af í dag á Suður- og Vesturlandi en þykkar upp seint í dag. Hiti 1-10 stig.

VEÐUR 4

ASÍ hótar að fara í hart

Stjórnvöld verða að bregðast við skuldavanda heimilanna ef sátt um stöðugleika á að nást, segir forseti Alþýðusambandsins. Samtök atvinnulífsins segja að komi ekki til rífleg vaxtalækkun í vikulokin valdi það óbætanlegum skaða. Fjármálaráðherra segir erfið mál leysast á næstunni og staðan verði þá skýrari.

EFNAHAGSMÁL „Það er ekkert við okkur að tala ef ekki verður gengið frá þessu,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins. Sambandið gerir þá kröfu til stjórnvalda að endurskipulagning á skuldum heimilanna verði sett í forgang.

Forsvarsmenn stjórnflokka-anna funduðu með fulltrúum launþegasamtaka, atvinnurekenda, bænda og sveitarfélaga í gær. Þar kynnti ASÍ áherslur sínar í nýju liðum um bráðaáðgerðir og framtíðarlausnir.

ASÍ vill að til ráðgjafastofu um fjármál heimilanna verði ráðnir

fimmtíu fjármálaráðgjafar til að aðstoða fólk í greiðsluvanda. Eins að það verði tryggt að nauðsynlegar reglur um framkvæmd laga um greiðsluáðlögun skulda verði gefnar út strax. Einnig að stofnaður verði bjargráðsáðgerð heimilanna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir fundina í gær hafa verið afar gagnlega. „Það er mikill vilji alls staðar í þjóðfélaginu að fara þessa stöðugleikaleið. Þar eru kjaramálin undir og líka ríkisfjármálin og fleira.“

Um afdráttarlausu afstöðu ASÍ segir Steingrímur að farið

hafi verið yfir það á fundinum hvað næstu vikur væru mikilvægar. „Við vonumst til að sjá til lands í mörgum erfiðum málum á næstunni. Þar má nefna endurskipulagningu bankakerfisins og lokahnykkinn í flóknum samningaviðræðum. Staðan ætti að fara skýrast sem er mikilvægt því kjaramálin bíða svo í sumar og haust.“

Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir atvinnulífið hrópa eftir aðgerðum og því hafi verið komið til skila. „Þar standa vaxtamálin upp úr og smávægileg lækkun núna í viku-

lokin yrði gríðarlegt áfall fyrir okkur. Það væri vitnisburður um að menn gera sér enga grein fyrir því hversu skaðlegt það er fyrir samfélagið ef atvinnulífið er skilið áfram eftir í fimbulfrosti. Slíkt myndi valda óbætanlegum skaða.“ Þór segir að haftamál-in hafi verið rædd á fundinum og hvaða möguleikar séu til að aflétta þeim. „Eins lögðum við áherslu á að það yrði ekki farið í boðaðar aðgerðir í sjávarútvegs-málunum og við lýstum áhyggjum okkar yfir hinu svokallaða eignu-umsýslufélaga ríkisins.“

- shá / sjá síðu 6



HAUKAR VÆNGJUM ÞÖNDUM Haukar tryggðu sér Íslandsmeistaratiðinn í handknattleik árið í röð eftir sigur á Valsmönnum í fjórða leik liðanna um titilinn í Vodafone-höllinni í gærkvöldi. Sigur Hauka var öruggur, þeir skorðuðu 33 mörk gegn 25 mörkum Valsmanna. Fögundurinn var ósvikinn eins og sést á Arnari Péturssyni fyrirliða Hauka sem tók við bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórnarmyndunarviðræður Samfylkingarinnar og Vinstri grænna:

Aðildarumsókn með fyrirvara

STJÓRN MÁL Stjórnarflokkarnir eru að semja sín á milli um að utanríkisráðherra leggi fram þingsályktunartillögu um aðildarumsókn í Evrópusambandið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það er þó háð því að samkomulag náist um fyrirvara við tillögunu sem Vinstri græn geta sætt sig við.

Verið er að semja um fyrirvarana en náist ekki samkomulag þar um þarf að leita annarra leiða.

Hugmyndin að þessu fyrir-

komulagi er meðal annars fengin frá Noregi en þar sótti klofin stjórn Verkamannaflokksins um aðild í Evrópusambandið með fyrirvörum.

Vinnuhóparnir fjórir, sem hafa lagt grunninn að stjórnsáttmálanum, áttu að skila af sér tillögu í gærkvöldi og fyrir hádegi í dag, samkvæmt heimildum blaðsins. Ólíklegt er að allar efnahagsaðgerðir verði tilgreindar í sáttmálanum en gert er ráð fyrir að ráðist

verði í róttækar efnahagsaðgerðir í maí og júní.

Steingrímur J. Sigfússon sagði á blaðamannafundi í gær að vinnu við fyrirhugaðan niðurskurð yrði ekki lokið fyrr en seinna í mánuðinum eða jafnvel í þeim næsta.

Ólíklegt þykir að Kolbrún Halldórsdóttir verði ráðherra í nýrri ríkisstjórn. Nafn Svandísar Svavarsdóttur hefur verið nefnt í hennar stað og þá er líklegt að Árni Páll Arnason verði ráðherra. - kóp, ss

Kalla á veglega lækkun vaxta:

Hverfa þarf af hættulegri leið

EFNAHAGSMÁL Stýrivexti á að lækka niður í 9,5 prósent á næstu fjórum vikum, að mati skuggabankastjórnar Markaðarins. Seðlabankinn ákvarðar vexti á morgun.

„Hver dagur í hávaxtaumhverfi er fyrirtækjum og heimilum í landinu dýrkeyptur og biðin skilar engu,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka og skuggabankastjórnaður.

Þá segir Þóroddur Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sem einnig á sæti í stjórninni, aðferðafræðina sem hér hafi verið fylgt til þessa ekki viðeigandi lengur, ef ekki beinlínis hættulega.

„Við köllum á tímamótaákvörðun, stefnubreytingu og nýtt vinnulag peningastefnu-nefndarinnar,“ segir Þóroddur.

Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir löngu tímabært að ákveða myndarlega lækkun stýrivaxta.

- óká / sjá Markaðinn

List án landamæra er í fullum gangi



Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar og eru allir velkomnir

listanlandamaera.blog.is



Icelandair American Express

Vildarpunktur



e-Vildarkort

Sértilboð og afsláttur samstarfsfyrirtækja e-kortanna

BEINHARÐIR PENINGAR!

Endurgreiðsla

Vildarpunktur

Nokkrir athyglisverðir punktar

e-Vildarkortið kemur vel út – heima og heiman!

e-korthafar fá endurgreiðslu af öllum innlendum færslum. Í hvert skipti sem þú verslar við yfir **200 samstarfsaðila e-kortsins** safnarðu endurgreiðslu í **beinhörðum peningum** sem þú getur notað í hvað sem þú vilt.

Þannig ræðurðu hvort þú setur þá fjármuni í daglegan rekstur heimilisins eða gerir vel við þig og þína og ferð til útlanda – **á besta mögulega verðinu, á þeim tíma sem þér hentar best.** Nánar á www.ekortin.is



Samanburður: Innanlandsvelta upp á 2.500.000 kr. á ári með Gull e-Vildarkorti annars vegar og Classic Icelandair American Express hins vegar.





6 vinir óháð kerfi

Veldu 6 gsm eða heimasímanúmer fyrir 0 kr. mínútuna.

Allur Pakkinn

frá **3.990 kr.** á mánuði

Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm



HEIMASÍMI



NET



GSM

50 þúsund skattfrjálsir vinningar á árinu

www.das.is



6 stk.

BMW 318i

+ 5,2 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

eða

5,2 milljónir
beint í vasann

+ 5,2 milljónir í hinn vasann
á tvöfaldan miða!

17 stk.

Vespa LX 125

+ 500 þúsund undir sætinu
á tvöfaldan miða!

eða

500 þúsund
beint í vasann

+ 500 þúsund í hinn vasann
á tvöfaldan miða!

dregið
viku-
lega!

52 útdrættir
á árinu!

60

milljónir
á mánuði

**Nýtt happdrættisár
hefst í maí.**



Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRETTI



Vinningur í hverri viku

Félagsmálaráðherra höfðar til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja:

Stutt við vinnustaði fatlaðra

FÉLAGSMÁL Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir félagsmálaráðherra segir að staðinn verði vörður um vinnustaði fatlaðra og Velferðarvaktin hugi sérstaklega að þeim sem standa höllum fæti. Fréttablaðið greindi í gær frá því að kreppan kæmi illa niður á vinnustöðum fatlaðra.

Ásta segir að vissulega komi kreppan einhvers staðar við alla, en þessi hópur eigi alls ekki að fara verr út úr ástandinu en aðrir. „Ég get fullyrt að við stöndum vörð um þennan hóp og höfum stutt við hann. Við höfum nýverið stutt Múlalund með fjárveitingu og höfum einnig stutt fleiri stofnanir



RÁÐHERRA Ásta segist hafa stutt við vinnustaði fyrir fatlaða og sérstök gát sé höfð á þeim hópi í kreppunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og fyrirtæki af þessum toga. Þar hef ég lagt áherslu á að ráðið sé af atvinnuleysisskrá í þau almennu

störf sem skapast við þjónustu við hópana.“

Ásta minnir á að Velferðarvaktin hafi nýverið höfðað til fyrirtækja um að sýna samfélagslega ábyrgð og ráða þá til starfa sem séu fatlaðir. Hún segir félagsmálaráðuneytið sjálf tæti hafa gengið á undan með góðu fordæmi hvað þetta varðar.

Þeir sem starfa á vernduðum vinnustöðum fyrir fatlaða halda óskertum bótum að sögn ráðherra. Launin eru því viðbót við bæturnar. „Það er hins vegar forgangsmál að halda utan um þessa hópa og styðja við þá. Velferðarvaktin gæti mjög vel að þessum málum.“

- kóp

★ Tenerife...

vikulegt flug í allt sumar
Besta verðið bókast fyrst!

Örfá sæti laus í fyrstu brottfarir:

20. maí UPPSELT

27. maí UPPSELT

03. júní 8 sæti laus

10. og 17. júní örfá sæti laus



STÖÐUG MÓTMÆLI Í TÍBLISI Fjöldmennir mótmælafundir gegn Saakashvili, forseta Georgíu, í höfuðborginni Tíblisi hafa verið daglegir viðburðir síðustu þrjár vikurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PA

Ætluðu að trufla heræfingar NATO

Ekkert reyndist hæft í ásökunum Georgíustjórnar um að hópur hermanna hafi ætlað sér að gera stjórnarbyltingu. Uppreisnin í hernum hófst eftir að nokkrir hermenn voru handteknir. Þeir hugðust trufla fyrirhugaðar heræfingar NATO.

GEORGÍA, AP Skammvinnri uppreisn í Georgíuher lauk eftir að fyrrverandi sérsveitarforingi var handtekninn. Hann er sakaður um að hafa skipulagt aðgerðir til að trufla heræfingar NATO í landinu.

Mikhaíl Saakashvili, forseti Georgíu, sagði að uppreisnin hefði verið einangrað tilfelli.

„Ég stjórnaði sjálfur samningaviðræðum við uppreisnarmennina og stakk upp á að þeir legðu niður vopn,“ sagði Saakashvili.

Hópur hermanna í herstöð skammt frá höfuðborginni Tíblisi hóf uppreisn í beinu framhaldi af tilkynningu frá innanríkisráðuneytinu, þar sem sagði að nokkrir hermenn hefðu verið handteknir kvöldi áður. Komist hefði upp um áform þeirra um að gera stjórnarbyltingu í landinu, og hefðu

þeir notið til þess stuðnings frá Rússum.

Innanríkisráðuneytið dró síðan til baka fullyrðingar um að mennirnir hefðu stefnt að stjórnarbyltingu. Þeir hefðu aðeins ætlað að trufla heræfingar NATO, en engu að síður notið til þess stuðnings rússneskra hermanna. Embættismaður á skrifstofu Saakashvilis forseta sagði síðar, í viðtali við AP-fréttastofuna, að engar sannanir væru fyrir því að Rússar hefðu átt aðild að áformum georgísku hermanna.

Dmítrí Rogov, erindreki Rússa hjá NATO, sagði í gær að ásakanir um að Rússar hefðu átt hlut að uppreisninni væru fánálegar.

Rússnesk stjórnvöld eru engu að síður afar ósátt við heræfingar NATO í nágrennaríkinu Georgíu.

Til þess að leggja áherslu á andstöðu Rússa ákvað Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í gær að mæta ekki á samráðsfund NATO og Rússlands, sem halda á í Brussel 19. maí.

Saakashvili forseti er afar umdeildur í landinu. Undanfarnar þrjár vikur hafa mótmæli staðið yfir fyrir utan skrifstofur forsetans. Mótmælendurnir krefjast þess að forsetinn segi af sér.

Heræfingar NATO í Georgíu hefjast í dag og standa til mánaðamóta. Upphaflega var hugmyndin sú að nítján ríki tækju þátt í þeim, bæði NATO-ríki og samstarfsríki NATO. Sum fyrrverandi Sovétríki hafa þó hætt við á síðustu stundu, þar á meðal Armenía, Eistland, Lettland, Kasakstan og Moldóva.

gudsteinn@frettabladid.is

Gengið frá lausum endum vegna viðskiptabanka og sparisjóða á næstunni:

Sameining banka í kortunum

VIÐSKIPTI Ekki er ólíklegt að farið verði út í einhvers konar sameiningar eða hagræðingu þegar búio verður að hnýta lausa enda vegna nýju viðskiptabankanna, segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. Slíkar aðgerðir séu einnig mögulegar hjá sparisjóðunum.

„Á næstu vikum verður gengið frá flestum lausum endum sem snúa að skiptum á milli nýju og gömlu bankanna, eignarhaldi á nýju bönkunum og öðru sem þarf að leysa,“ segir Gylfi.

Ekki hefur verið rætt að sameining verði hluti af því ferli, en þegar



LAUSIR ENDAR Gengið verður frá lausum endum vegna viðskiptabankanna á næstu vikum, segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

því er lokið munu menn hafa mun betri forsendur til að meta kosti slíkrar sameiningar, segir Gylfi.

„Ég vil ekki fullyrða hvort einhver slík sameining komi út úr því, það liggur hreinlega ekki fyrir.“

Sem fyrr segir er ekki ólíklegt að farið verði í sameiningu eða einhverskonar hagræðingu viðskiptabankanna, að sögn Gylfa. Þá sé einnig horft til sparisjóðanna.

Til að svo megi verða þurfi að búa til lagaumhverfi sem dugir sparisjóðunum inn í framtíðina, segir Gylfi.

Hann hyggst leggja fram lagafrumvarp um sparisjóðina á komandi sumarþingi, haldi hann embætti viðskiptaráðherra að loknum stjórnarmyndunarviðræðum sem nú standa yfir.

- bj

SUMAR  FERÐIR

sumarferdir.is

VORTILTEKT!



NU HREINSUMVIÐÚT 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörunu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

með allt að 50% afslætti.

COMFORT
solutions®

By King Koil®



30% AFSLÁTTUR!



Af sængurfatnaði og heilsukoddum

rekkjan



PÁFUGLAR Í KABÚL Nokkrir páfuglar voru til sýnis og sölu á götu í Kabúl í Afganistan. Ríkir Afganar kaupa gjarnan slíka fugla til að hafa sem gæludýr, og kostar parið um þrjátíu þúsund krónur.

NORDICPHOTOS/AFP

Steingrímur J. Sigfússon:

Frjálsar veiðar bæta kerfið

SIÁVARÚTVEGUR Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra segir að með frjálsum veiðum í sumar sé verulega komið til móts við álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, en nefndin átalði íslenska kvótakerfið og krafðist breytinga á því.

Ráðherra segir gagnrýnina hafa að mestu snúist að því að leiðin inn í greinina væri ekki greið og mönnum væri þannig mismunað.

Hann segir að bréfaskipti hafi átt sér stað á milli forvera hans og nefndarinnar og hann hafi bedið um skjól vegna ástandsins í samfélaginu.

Steingrímur vildi ekki upplýsa hvort ný ríkisstjórn myndi breyta kvótakerfinu.

- kóp, ss

Auka þarf viðbúnað vegna heimilisofbeldis

Verja þarf störf tekjulágra í velferðarkerfinu, auka viðbúnað vegna hættu á auknu heimilisofbeldi og að umönnun sjúklinga verði ekki velt yfir á heimilin, er meðal þess sem lagt er til í fyrstu áfangaskýrslu Jafnréttisvaktarinnar.

VELFERÐARMÁL Aukin hættu á afbrotum, mansali og heimilisofbeldi, samfara kreppunni, er meðal þess sem kemur fram í fyrstu áfangaskýrslu Jafnréttisvaktarinnar, vinnuhóps félagsmálaráðherra sem meta á áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna. Þá er lagt til að þess sé gætt að umönnun sjúklinga verði ekki velt yfir á heimilin með ótímabærri útskrift þeirra af heilbrigðisstofnunum.

„Staða kynjanna var ójöfn fyrir efnahagshrunið,“ segir Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, formaður nefndarinnar og bendir á að bæði hafi tíðkast launamunur kynjanna og mikil kynjaskipting innan atvinnugreina. Þannig séu konur fjölmennari í störfum hjá hinu opinbera og í láglaunastöfum. „Það skiptir því máli að standa vörð um það jafnrétti sem hefur náðst og halda áfram í jafnréttisátt.“

Í skýrslunni er bent á að karlar hafi mun frekar misst vinnuna en konur. Hins vegar sé hættu á að konur missi frekar vinnuna, til lengri tíma litið og að þær fái síður vinnu aftur en karlar.

Leggur skýrslan til að ríkisvaldið leggi áherslu á að verja störf þeirra sem veika standa, eins og störf tekjulágra einstaklinga. Þá verði það tryggt að aðgerðir í þágu atvinnusköpunar takmarkist ekki eingöngu við mannaflsfrékar framkvæmdir sem gagnist körlum



BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR Segir mikilvægt að standa vörð um það jafnrétti sem hefur náðst og að halda áfram í jafnréttisátt.

frekar en konum og störf hjá hinu opinbera varin.

„Sérfræðingar benda á að þegar að þrengir og í miklu atvinnuleysi, þá sé mikil hættu á auknu heimilisofbeldi,“ segir Bryndís. Því leggur nefndin sérstaklega til að lögð verði fram forvarna- og viðbragðsáætlun um aukinn viðbúnað gegn hættu á heimilisofbeldi. Stuðningur við fórnarlömb ofbeldis verði aukinn, til dæmis í gegnum Stígamót og Kvennaathvarfið. Þá verði hugað að því að lögleiða „austurísku leiðina“, sem gefur lögreglu heimild til að fjarlægja ofbeldismann af heimili.

„Skýrslur sýna að það eru fleiri konur, sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi, sem fara aftur heim í óbreytt ástand. Þetta er birtingarmynd þess að í kreppu er erfiðara að losa sig úr ofbeldissamböndum,“ segir Bryndís. Hún bendir á að efnahagsleg staða einstæðra foreldra sé verri en annarra og að einstæðar mæður séu í meiri hættu að falla í fátækt. „Þær sitja þá frekar í ofbeldissambandi, sem er mjög slæmt. Það þarf að tryggja að þær fái meiri þjónustu, til dæmis frá Kvennaathvarfinu og félagsþjónustum, sem nái yfir lengri tíma.“

svanborg@frettabladid.is

Ungverjaland:

Fimm sígaunar verið myrtir

UNGVERJALAND, AP Þúsundir syrgjenda komu í jarðarför Jeno Koka á miðvikudag í Ungverjalandi. Koka var fimmtí ungerski sígauninn sem myrtur hefur verið á stuttum tíma. Ungverska lögreglan telur sökudólgana alla tilheyra sama hópnunum.

Lögreglan býður nú tæplega 30 milljónir króna fyrir upplýsingar um glæpina og hefur þeim lögreglumönnum sem rannsaka málin verið fjölgað. „Dæmi er um óteljandi slík morð, en enn sem komið er hefur lögreglunni ekki tekist að hafa hendur í hári glæpamannanna,“ segja mannréttindasamtök sígauna.

- ss

Skóli í Noregi:

Nemandi skaut úr haglabyssu

NOREGUR Skothríð dundi í barnaskólanum Kanebogen utan við Harstad í Noregi þegar níu ára gamall strákur skaut af haglabyssu, fyrst á nemanda fyrir utan skólann og svo á aðra nemendur sem voru inni á skólasvæðinu, áður en kennara tókst að afvopna hann.

Talið er að þetta sé í fyrsta sinn sem nemandi í norskum skóla skýtur haglaskotum í barnaskóla. Áður hafa nemendur aðeins verið teknir með loftbyssur.

Norska blaðið Aftenbladet rifjar upp að lögreglu hafi grunað að strákar allt niður í tíu ára hafi skotið á nemendur við Porsgrunnsskóla árið 2007. Árið 2005 hafi 29 ára gamall maður verið skotinn í fótinn í átökum við 22 ára nemendur við Hersleb-skóla í Ósló en enginn þeirra var í skólanum. - ghs

Kynntu þér BS nám í viðskiptafræði með vinnu við Háskóla Íslands!

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður upp á BS og diplóma nám í viðskiptafræði samhliða starfi. Námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem vilja leggja stund á háskólanám með vinnu. Náms efni og námskröfur eru þær sömu og í BS námi í dagskóla en kennslufyrirkomulagið er talsvert frábrugðið.

Haldinn verður kynningarfundur á BS námi í viðskiptafræði með vinnu á morgun, 7. maí kl. 12-13. Fundurinn fer fram í stofu 102 í Gimli.

Næsti kynningarfundur:

Miðvikudaginn 27. maí kl. 16-17 í stofu 102 í Gimli.

Endilega láttu sjá þig!



VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.bsv.hi.is



Sveitarstjórn í Kína:

Hætt að hvetja til reykinga

KÍNA, AP Sveitarstjórnin í Gong-an, sem er í Hubei-héraði í Kína, segist hafa ákveðið að hætta að hvetja embættismenn sveitarinnar til þess að reykja sigarettur sem framleiddar eru í sveitinni.

Áður voru embættismennirnir hvattir til að reykja samtals meira en 230 þúsund pakka á ári til þess að afla sveitarstjórninni tolltekna.

Sektir lágu við því að reykja sigarettur sem framleiddar voru annars staðar.

Ákvörðunin var tekin eftir að dagblað í héraðinu skýrði opinberlega frá þessu. - gb

Hæfnisnefnd skipuð:

Jónas Haralz leiðir nefndina

STJÓRNSÝSLA Skipuð hefur verið þriggja manna nefnd sem meta á



JÓNAS HARALZ

hæfni umsækjenda um stöður seðlabankastjóra og aðstoðar-seðlabankastjóra. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefndi Guðmund A. Magnússon, fyrrverandi háskólarektor, og Seðlabankinn tilnefndi Láru V. Júlíusdóttur lögfræðing.

Auk þeirra var Jónas Haralz, fyrrverandi seðlabankastjóri, skipaður af forsætisráðherra í nefndina án tilnefningar og er hann formaður hennar.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum sínum fyrir 28. maí. - ss

Bresk stjórnvöld:

Birta lista yfir óæskilega gesti

BRETLAND, AP Bresk stjórnvöld hafa í fyrsta sinn birt lista yfir fólk sem fær ekki að koma til landsins vegna þess að það hafi alið á öfgastefnu og hatri.

Á listanum er meðal annars bandaríski útvarpsmaðurinn Michael Savage, sem hefur kallað Kóraninn hatursfulla bók. Hann vakti einnig hörð viðbrögð foreldra einhverfra þegar hann sagði einhverf börn í flestum tilvikum vera „óþekktarorma sem enginn hefur sagt að halda sér í skefjum“.

Á listanum eru einnig tveir aðrir Bandaríkjamenn: Stephen Donald Black, sem telur hvítt fólk öðru fólk æðra, og Fred Phelps, sem fer ekki dult með andúð sína á samkynhneigðu fólk. - gb

FJÁRMÁLARÁÐGGJÖF FYRIR ÞIG



Kynntu þér úrræðin

Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Stöðumat
- Ráðgjöf
- Heimilisbókhald
- Lífeyris- og tryggingamál
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Sparnaðarleiðir
- Úrræði í greiðsluferfiðleikum
- Greiðslujöfnun
- Breyting á lánaskilmálum
- Lenging lánstíma
- Tímabundin frestun afborgana

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi Kaupþings.



Sólning býður nú ál- og krómfelgur með miklum afslætti út maí

Sólning býður að auki eitt landsins mesta úrval af sumardekkjum frá viðurkenndum framleiðendum.



Krómfelgur 25% afsláttur!
Álfelgur 20% afsláttur!

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

SÓLNING

BARÐINN
Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

Hugleiðingar um Draumalandið

UMRÆÐAN

Skúli Thoroddsen
skrifar um Drauma-
landið



SKÚLI THORODDSEN

Það gutlar í Gunnu- hver og reykibólstrarnir fylkja liði undan vindinum að Reykjanesvíta. Þeir eyðast og hverfa í blæinn á bláum vorhimni nýliðins páskadags. Úti fyrir landi rís Eldey úr djúpi. Súlan er ekki komin en fýll og svartfugl flögur um strandbjargið sem tekst enn á við Atlantshafsbrimið. Aldan byltir stórgrýttri fjörunni, sem tekur undir djúpum rómi. Svo hefur brimið rofið hinn víðáttumikla eldgíg í tímans rás að ekkert er eftir nema Valahnúkarnir, brot af gígbarminum og Karlinn sem treður ölduna undan Önglabrjóstnefinu. Hér eru bæði Mólvík og Blástursbás, Eldborg og Eldvörp sem sýna hvernir náttúru jörðin er hér um slóðir. Hér blasir við eyðingarmáttur rofsins annars vegar og nýsköpun jarðar hins vegar, þar sem kolsvart Stampahraunið frá árinu 1226 gerir svæðið dulþrungið. Sýrfellshraunið, sem rann fyrir réttum tvö þúsund árum úr Sýrfelli, er víða vel gróið. Það veit á grósku, gjöf tímans, þess sem koma skal. Svæðið við Reykjanestá er náttúruundur á heimsmælikvarða, þar sem hin lifandi náttúra kraumar í orðsins fyllstu merkingu. Reykjanesið er yngsti hluti Íslands. Þar kemur Atlantshafshryggurinn á land, þar streymir möttulkvika úr iðrum jarðar upp til jarðskorpunnar sem reglulega gýs. Nýtanleg orkan er af þeim ástæðum bæði sjálfbær og eftir atvikum vistvæn. Á Reykjanesi upplifir maður og nýtur náttúrunnar, er hluti af henni og nýtir hana sér til viðurværis, eins og gert hefur verið suður með sjó um aldir þótt nú séu aðferðir breyttar.

Hitaveita Suðurnesja hefur komið sér haganlega fyrir á svæðinu til að nýta orkuauðlindina sem við eigum sameiginlega. Mannvirki öll eru smekklegr og falla vel að umhverfinu. Það ríkir jafnvægi milli náttúru og bygginga og enginn litur sker sig úr. Þar fellur allt vel að margbreytileika umhverfisins. Ekkert er skemmt. Við eigum atvinnutækifæri í orkunni, Suðurnesjamenn, eins og þeir austur á fjörðum og ætlum að nýta þau til góðs.

Ástæða þess að ég hripa þessar línur um náttúruna og orkuna er kvikmyndin Draumalandið, sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum. Myndin er mér nokkur ráðgáta, því hún var hvorki heimildarmynd, drama né gamanmynd, nema þá helst að ætlinin hafi verið að skemmta fólki með því að grínast að Austfirðingum og pólitíkusum. Það dreg ég reyndar í efa. Ég hallast helst að því að þetta sé áróðursmynd, samin til að fullnægja þörfum draumóramanna um afturhvarf til þess sem var eða glámskyggni þeirra sem vilja viðhalda síbreytilegri náttúrunni óbreyttri. Hvernig

dýr voru fæld við myndatökuna gaf ekki tilefni til að ætla að umhyggja fyrir velferð þeirra sæti í fyrirrúmi. Hvernig hæðst var að fólki bar ekki vott um kærleiksrik viðhorf né samkennd. Var þessari mynd beint gegn mér og mínum líkum sem virða náttúruna að verðleikum og viljum virkja þann kraft sem í henni

býr eins og bóndinn yrkir jörðina? Er ég ekki náttúruverndarsinni? Er ég óvinur náttúrunnar?

Mér kom í hug fyrirbrigðið tóftarmiga, en það orð er haft um fólk sem kemur heim í bernsku-

dalinn til að hlusta á bæjarlækinn hjala við mosató, fólkið sem mígur í tóftarvegginn og rifjar upp bernskuna þegar alltaf skein sól. Fólkið sem flutti burt og getur ekki hugsað sér að búa í sveitinni heima, en lifir í þeim undarlega paradox að vita ekkert feðurra, eiga ekkert dýrmætara en einmitt þennan heimahaga í huganum. Fólkið sem í ófullnægju sinni og örvilnan leitar í lúxusjeppann eða á sér íbúð í New York með útsýn yfir Manhattan eða lifir í London og finnur hjá sér þörf til að pródúsera mynd handa okkur hinum sem enn búum í sveitinni heima og ætlum að gera það áfram á þeim forsendum sem gefast. Ég

efa það ekki að Andra Snæ hafi liðið vel sem barni norður á Melrakkasléttu hjá afa við að skoða stjórnurnar, hlusta á þögnina og veiða silung. Og ekki hefur væst um Sigurð Pálmason í Hagkaup-sauðnum. Þeir félagar geta þess vegna gert grín að fátæku fólki fyrir austan, sem hefur ekki sama skilning á náttúrunni eða sömu kímigáfu og þeir til að hlæja að alþjóðinni sem tekur fagnandi nýjum atvinnutækifærum.

Hvert er svo Draumalandið? Í mínum huga er það land þar sem auðlindirnar eru nýttar á sjálfbæran, vistvænan hátt til þess að skapa þjóðfélagsleg verðmæti í þágu samfélagsins alls, þar sem

tekið er tillit til hagsmuna fólksins og náttúrunnar og þeir þættir vegnir saman til skynsamlegrar niðurstöðu um hvernig með skuli fara. Bókmenntir og þess vegna kvikmynd sem grundvöllur umræðu í þágu draumalandsins, í þágu jákvæðrar samfélagsþróunar og auðlindanýtingar á alltaf erindi, en illa grundaðar fullyrðingar, sem stundum eru teknar úr samhengi, eiga lítt skylt við slíka umræðu. Það er bara lágkúra og vondur áróður. Þannig þótti mér kvikmynd þeirra féлага Andra Snæs og Sigurðar Pálmasonar vera.

Höfundur býr í Reykjanesbæ.

Fyrirverandi starfsmenn SPRON boðnir velkomnir til starfa hjá Byr sparissjóði



Yífa Proppé Einarsdóttir, nýr þjónustustjóri í Byr Hraunbæ



Anna Ásta Khan Hjartardóttir, nýr ráðgjafi í Byr Borgartúni



Gréta Kjartansdóttir, nýr ráðgjafi í Byr Borgartúni



Jónína Pálsdóttir, nýr gjaldkeri í Byr Hraunbæ

Velkomin í Byr

Fáðu persónulega þjónustu - það er fjárhagsleg heilsa

Anna, Gréta, Jónína og Yífa taka vel á móti þér. Þær eru hluti af öflugri 230 starfsmanna liðsheild sem kappkostar að veita þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf.



Samanlagt búa þær yfir áratuga þekkingu og reynslu sem fyrirverandi starfsmenn hjá SPRON. Starfskraftar þeirra munu áfram nýtast til góðra verka á nýjum vettvangi hjá Byr sparissjóði.

Lausnir með fjárhagslegri heilsu

Fjármálanámskeið á mannamáli • Stöðumatið mitt og Heimilisbókhalda • Fjármálapróf • Heilsupróf og ráðgjöf • Lenging lána • Greiðsluöfnun húsnæðislána • Fyrirframgreiðsla Lífsváls • Frysting erlendra lána • Niðurgreiðsla lána



www.byr.is | sími 575 4000

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

omega
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

SUMAR-
TILBOÐ!

3 stærðir
VERÐ FRÁ:
24.900.- stgr.

BAÐ
INNRETTINGAR

STURTUHORN OG BOTNAR



BAÐINNRETTING

INNIFALIÐ Í VERÐ ER SKÚFFUSKÁPUR M/
MJÚKLOKUN, BORÐPLATA, HÖLDUR OG LJÓSAKAPPI
STÆRÐIR:

60x48 sm
70x48 sm
90x48 sm

SUMAR-
TILBOÐ!

VERÐ FRÁ:
24.900.- stgr.
VERÐ ÁÐUR kr. 53,791.-

EKKI INNIFALIÐ Í VERÐI: HANDLAUG, SPEGILL, BLÖNDUNARTÆKI,
LJÓS OG TAPPASETT

til
afgreiðslu
af lager



HERT
ÖRYGGISGLER



HERT
ÖRYGGISGLER

STURTUHORN

KANTAÐ
6 mm öryggisgler

70 X 70 VERÐ FRÁ kr. 37.800.- stgr.
75 X 75
80 X 80
90 X 90

RÚNAÐ
6 mm öryggisgler

80 X 80 VERÐ FRÁ kr. 43.800.- stgr.
90 X 90

SUMAR-
TILBOÐ!

SUMAR-
TILBOÐ!



SUMAR-
TILBOÐ!

STURTUBOTNAR

INNIFALIÐ Í VERÐ ER BOTNSTK.,
VATNSLÁS & BARKI TIL AÐ TENGJA.

SUMAR-
TILBOÐ!

RÚNAÐIR

80 X 80 CM 33.900.- stgr.
90 X 90 CM 34.900.- stgr.

KANTAÐIR

70 X 70 22.900.- stgr.
75 X 75 24.900.- stgr.
80 X 80 25.900.- stgr.
90 X 90 26.900.- stgr.
90 X 70 38.900.- stgr.
90 X 80 41.900.- stgr.
90 X 100 44.900.- stgr.
90 X 120 46.900.- stgr.

www.i-t.is

INNRETTINGAR
& TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

ROLEX



M

MICHELSEN

URSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Græna prentsmíðjan

GUDJÓNÓ

VISTVÆN PRENTSMÍÐJA

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 6. maí 2009 – 18. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000

Vikuleg vefráð
Skilar heimasíðan árangri?



Ferðapjónustan
Lúxusferðir laða að ferðamenn



Finnur Oddsson
Upplýsingagjöf og gagnsæi



MAGNÚS HARÐARSON Frídagur í kringum páskana valda því að viðskipti með hlutabréf drögust saman á milli mánaða í Kauphöllinni í apríl.

Minni velta í Kauphöllinni

„Velta með hlutabréf dreifist á tiltölulega fá félög. Því þarf ekki mikið til að breyta meðaltalinu,“ segir Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Nasdaq OMX Iceland. Hann bendir á að páskarnir spili inn í. Viðskiptadagarnir hafi verið færri en í fyrri mánuði auk þess sem dragi úr veltu í kringum frídaga.

Heildarviðskipti með hlutabréf í Kauphöllinni í nýliðnum mánuði námu tæpum 1,8 milljörðum króna, eða um 99 milljónum króna á dag. Til samanburðar nam veltan 4,4 milljörðum króna í mars. Samdrátturinn nemur um sextíu prósentum.

Mest voru viðskipti með hlutabréf Marel Food Systems og Össurar. Markaðsvirði skráðra félaga var 176 milljarðar króna í lok mánaðar en það var 1,2 prósent hækkun á milli mánaða. Össur var jafnframt stærsta félagið en markaðsvirði þess nam rúmum 39 milljörðum króna í lok mánaðar.

Þá kemur fram í yfirliti Kauphallarinnar að Saga Capital var með mestu hlutdeildina, eða 39,9 prósent í mánuðinum. Næst á eftir fylgdi Íslandsbanki með 22,1 prósent hlutdeild.

- jhb

HELST Í ÚTLÖNDUM

Danir hagnast | Danske Bank, stærsti banki Danmerkur, hagnaðist um 1,6 milljarða danskra króna á fyrsta fjórðungi ársins. Þetta jafngildir 36 milljörðum króna. Þrátt fyrir þetta afskrifaði bankinn átta milljónir danskra króna af lánasafni sínu.



Skammar bankamenn | Bandaríski öldungurinn Warren Buffett sakaði bankamenn um græðgi á ársfundi fjárfestingarfélagsins Berkshire Hathaway um helgina. Sakaði hann þá um að bera ábyrgð á fjármálakreppunni, sem hefur legið sem mara yfir efnahagslífi heimsins í næstum tvö ár.

Viðkvæmir markaðir | Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sagði á fundi með bandarískum öldungadeildarþingmönnum í gær líkur á að botni á fjármálamörkuðum væri náð. Þeir mættu hins vegar við miklu og því mætti reikna með sveiflum fram eftir ári.

Skoða Google-stjórnann | Bandaríska fjármálaeftirlitið skoðar nú aðkomu Eric Schmidt, forstjóra Google, að öðrum fyrirtækjum. Sérstaklega er í skoðun seta hans í stjórn hátæknirísans Apple. Hún er talin stangast á við samkeppnislög.

Tímamótaákvörðun þarf um stýrivextina

Skuggabankastjórn Markaðarins segir smá skref í vaxtalækkunum kunna að vera hættuleg. Veglega lækkun þurfi.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

„Við köllum á tímamótaákvörðun, stefnubreytingu og nýtt vinnulag peningastefnunarinnar,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sem sæti á í skuggabankastjórn Markaðarins.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands kynnr á morgun ákvörðun sína um stýrivexti, en skuggabankastjórnin mælist til að vextir verði nú lækkaðir um þrjú prósentustig, þannig að þeir verði á eftir 12,5 prósent. Aukinheldur mælist skuggabankastjórnin til þess að Seðlabankinn tilkynni þegar um þá fyrirætlun sína að lækka vexti um önnur þrjú prósentustig í byrjun júní þannig að þeir fari á þessu fjögurra vikna tímabili niður í 9,5 prósent. Þannig

nálgist landið það raunstýrivaxtastig sem sé í öðrum hávaxtaríkjum.

Fari peningastefnunefndin þá leið sem skuggabankastjórnin leggur til hverfur hún frá áður yfirlýstu ferli „varfærinna“ lækkana. „Aðferðafræðin sem fylgt hefur verið um litlar breytingar og sjá síðan til er einfaldlega ekki viðeigandi lengur, ef ekki beinlínis hættuleg,“ segir Þórður.

Ingólfur Bender forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, segir aðra þætti en stýrivaxtastigið, svo sem uppbyggingu efnahagslífsins, skipta meira máli hvað varðar gengi krónunnar og Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir löngu tímabært að ákveða myndarlega lækkun stýrivaxta. Hvarvetna í heiminum hafi seðlabankar beitt sér gegn kreppunni með þeim hætti. Sjá síður 4 og 5

Skuldir Björgólfs jukust verulega

Persónulegar ábyrgðir Björgólfs Guðmundssonar, fyrrverandi formanns bankaráðs Landsbankans, eru rúmlega átta milljörðum krónum hærri nú en í lok júní í fyrra.

Skuldbindingar Björgólfs og félaga honum tengdum gagnvart Landsbankanum nema nú 58 milljörðum króna, samkvæmt upplýsingum sem hann sendi fjölmiðlum í fyrradag. Samkvæmt hálfársuppgjöri bankans í fyrra námu lán og skuldbindingar gagnvart honum tæpum 49,8 milljörðum króna, um 40 milljörðum meira en í lok árs 2007.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í byrjun apríl og aftur í yfirlitinu frá í fyrradag eru skuldbindingarnar að nær öllu leyti tilkomnar vegna kaupa Björgólfs á helmingshlut Sunds í fjárfestingarfélaginu Gretti

fyrir tveimur árum. Grettir átti 33 prósent hlut í Eimskipi og rúm 28 prósent í Icelandic Group.

Í yfirliti yfir eignastöðu bankaráðsformannsins fyrrverandi gekkst hann í persónulegar ábyrgðir til að treysta veð bankans og því falli allar skuldir Grettis á hann. Eignir hans á móti 58 milljarða króna skuld við bankann eru metnar á um tólf milljarða.

Björgólfur sagðist áttavilltur í samtali við Fréttablaðið í gær og vissi ekki hverju hann muni halda eftir. Þar á meðal sé heimilið að Vesturbrún 22 í Reykjavík.

Húsið, sem er 229 fermetrar auk 32 fermetra bílskúr, hefur ætíð verið skráð á eiginkonu hans, Þóru Hallgrímsson. Fasteignamat þess nemur 58 milljónum króna.

- jhb



Eitt uppgjör – betri yfirsýn

Nýttu kosti þess að hafa allt á einum stað. Hafðu samband við okkur í síma 560 1600 eða tilbod@borgun.is og við gerum þér tilboð í færsluhirðingu fyrir öll greiðslukortaviðskipti.

BORGUN
AUDVELDAR VIÐSKIPTI









Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is



Finndu réttan flöt í samskiptum með IP símaþjónustu Skyggnis

IP símkerfi Skyggnis bjóða upp á spennandi sparnaðarmöguleika sem felast í samþættingu allra samskipta í eitt upplýsingakerfi. Kostir IP símaþjónustu eru m.a.:

-  • **Enginn stofnkostnaður**
- Engin fjárbinding í símtöð - Fastar mánaðarlegar greiðslur.
-  • **Hvar og hvenær sem er**
- Aðeins eitt símanúmer fyrir borðsíma og farsíma tryggir að hægt er að ná í starfsmenn hvar og hvenær sem er.
-  • **Lægri símakostnaður**
- Símtöl flutt yfir gagnanet í stað símalína, öll símtöl innan fyrirtækis ókeypis og innanlands-taxti hjá starfsmönnum á ferðalagi eru allt þættir sem lækka símakostnað verulega.
-  • **Fundur á ferðinni**
- Auðvelt að setja upp símafundi, bæði í borðsímum og farsímum.
-  • **Tölvusími**
- Hægt að hringja beint úr tölvunni - Óþarfi að kaupa símtæki.
-  • **Færanleiki**
- Auðvelt að flytja símtöl úr borðsíma í farsímann þegar þú ert á ferðinni.

Hafðu samband við ráðgjafa Skyggnis og fáðu faglega ráðgjöf um val á lausn sem gerir þér kleift að lækka kostnað, auka skilvirkni og bæta þjónustu.

Síminn er 516 1000 og netfangið ver@skygggir.is.

AVAYA

 **Skygggir**

Breyta þarf stefnu og vinnulagi í vaxtaákvörðunum Seðlabankans

Skuggabankastjórn Markaðarins leggur til þriggja prósentustiga lækkun stýrivaxta á vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans á morgun. Þörf er á breyttu vinnulagi og nýrri stefnu hjá peningastefnunefnd þannig að auka megi tiltrú á efnahagsstjórn landsins. Óli Kristján Ármannsson settist niður með skuggabankastjórninni, sem segir enga skynsemi í að halda hér hæsta raunstýrivaxtastigi sem þekkt hafi á byggðu bóli, jafnvel allt frá Krists burði.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands ætti að lækka stýrivexti bankans um þrjú prósentustig á vaxtaákvörðunardegi sínum á morgun, samkvæmt einróma álit skuggabankastjórnar Markaðarins. Aukinheldur ætti að tilkynna um fyrirhugaða þriggja prósentustiga vaxtalækkun til viðbótar þegar í júníbyrjun.

Skuggabankastjórnin bendir á að hér á landi séu raunstýrivextir, það er stýrivextir að frádreginni verðbólgu, úr öllu samræmi við það sem annars staðar gerist, jafnvel þó svo að horft sé til annarra hávaxtalandna, þar sem þeir séu á bilinu tvö til fjögur prósent. „Hver segir að heimurinn ætlist til að við séum hér með þessa brjálæðislegu vexti?“ spyr Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík. Þá veltir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, upp þeirri spurningu hvers konar land það sé sem þurfi að styðjast við raunstýrivexti upp á 10 til 15 prósent og gjaldreyrihöft í ofanálag og hvaða skilaboð felist í því til umheimsins, um leið og hagkerfið sé allt í mikilli niðursveiflu. „Þetta er auðvitað algjörlega fráleitt,“ segir hann.

Gangi eftir tilmæli skuggabankastjórnarinnar um lækkun stýrivaxta verða þeir 12,5 prósent eftir vaxtaákvörðunina á morgun og 9,5 prósent eftir lækkun í júníbyrjun. Skuggabankastjórnin er á einu máli um að varkárniðarmíð sem höfð hafi verið í hávegum í ákvörðunum peningastefnunefndar til þessa eigi ekki lengur við.

„Miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi tel ég ranga þá aðferðafræði sem notast hefur verið við, það er að taka lítil skref og sjá svo til, án þess að gefa til kynna hvert framhaldið verði,“ segir Þórður. „Vatnaskil eru tímabær og að segja fyrir fram að hverju skuli stefnt, en að sjálf-sögðu með þeim fyrirvara að þróun efnahagsmála verði með þeim hætti sem ráð er fyrir gert.“ Ólafur og Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, taka

báðir undir með Þórði að mikilvægt sé að boða frekari miklar vaxtalækkunir.

Ingólfur kveðst einnig telja að raunstýrivextir eftir þá lækkun sem skuggabankastjórnin leggur til nægi vel til að styðja við gengi krónunnar. Jafnframt telur hann aðra þætti en vaxtastigið skipta meira máli í tengslum við styrkingu eða veikingu gjaldmiðilsins. „Þar skiptir uppbyggingarstarfið meira máli, hvort okkur takist að byggja upp bankana að nýju og koma fram með trúverðuga áætlun um hvernig við ætlum á næstu árum að borga niður skuldir okkar.“

Peningastefnunefndin verður að mati Ingólfs að taka mið af breyttum aðstæðum í ákvörðunum sínum. Hann minnir á að tekst sé á við banka- og gjaldreyriskeppu um leið og staðið sé frammi fyrir verulegum samdrætti í efnahagslífinu.

„Hallgrímur kvað í heiljarnauðum / heilaga glóð í freðnar þjóðir,“ vitnar Ólafur í Matthías Jochumsson. Þórður segir skuggabankastjórnina kalla á „tímamótaákvörðun, stefnubreytingu og nýtt vinnulag peningastefnunefndarinnar“.

Fari svo að peningastefnunefndin haldi uppteknum hætti og feti áfram slóð smærri skrefa í vaxtalækkunum líkt og margir búast við, en spád hefur verið 1,5 prósentustiga lækkun á morgun, segir Ingólfur ljóst að það sé ávisun á að efnahagslægingin verði dýpri en annars þyrfti að vera.

Þórður segir áframhald á sömu stefnu kalla á sífellt meiri ógöngur. „Langöflugasta einstaka hagstjórnartækið til að breyta þróun mála er veruleg og hröð vaxtalækkun.“

Ólafur bendir líka á að fyrirtæki landsins geti enda hvorki bætt við sig fólki né ráðist í framkvæmdir með þann vaxtakostnað sem þau þurfi að bera. Þá minnir hann á að Ísland sé til umræðu alls staðar í Evrópu sem dæmi um fórnarlamb fjármálakreppunnar. „Í þýskum sjónvarpsþáttum er lagt út af máli hér. Hvaða skilaboð viljum við senda um hvernig við tökum á kreppunni?



Á FUNDI SKUGGABANKASTJÓRNAR Skuggabankastjórn Markaðarins telur nauðsynlegt að sem allra fyrst verði mörkuð framtíðarstefna í peningamálum þjóðarinnar, enda auki öll óvissa á vandkvæði í uppbyggingarstarfinu og ýti undir vantraust á íslenski efnahagsstjórn. Peningastefnunefnd verði að leggja fram trúverðuga stefnu í vaxtamálum sem ýti undir traust og styðji við uppbyggingarstarf.

MARKAÐURINN/GVA

SKUGGABANKASTJÓRNIN

Fund skuggabankastjórnar Markaðarins sátu að þessu sinni Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, og Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland kauphallarinnar.

Með hæstu raunstýrivexti sögunnar, frá Krists burði.“

Þá segir Ólafur einnig nauðsynlegt að leggja línurnar um hver verði framtíðarstefna peningamála í landinu og undir það taka aðrir skuggabankastjórnarmenn. Þórður leggur til að skuggabankastjórnin treysti á að jákvæð tíðindi verði í efnahagsmálum í þessari og næstu viku. „Jákvæð tíðindi

vikunnar verði stórfelld vaxtalækkun og næstu viku að við sækjum um aðild að Evrópusambandinu og þar með hilli undir hvert við viljum stefna með frambúðarskipan gjaldreyris- og peningamála.“ Atburðarás sem þessa segist Ingólfur einnig telja mjög mikilvæga til að renna stóðum undir trúverðuleika krónunnar og í raun forsendu þess að henni verði fleytt að nýju.

SKJÁVARPAR FRÁ NÝHERJA



Sony VPL-CW125 (wide screen)

Upplausn: WXGA 1280x800
Nettengjanlegur
Birta: 3000 ansi Lumen
Þyngd: 4,1 kg

Tilboðsverð kr. 299.900 m.vsk



Toshiba TLP-X100

Upplausn: XGA 1024x768
Birta: 2200 ansi lumen
Þyngd: 2,2 kg

Tilboðsverð kr. 135.000 m.vsk



Toshiba TLP-XD3000

Upplausn: XGA 1024x768
Birta: 3000 ansi lumen
Þyngd: 2,5 kg

Tilboðsverð kr. 249.900 m.vsk

SONY

TOSHIBA

NÝHERJI

Verslun Nýherja, Borgartúni 37 / sími 569 7700 / www.nyherji.is



LEIÐSÖGUNÁM á háskólastigi er námsbraut hjá Endurmenntun HÍ. Námið er sextíu eininga nám á grunnstigi háskóla og er kennt á tveimur misserum. Námið hentar þeim sem vilja búa sig undir starf leiðsögumanns á Íslandi með erlenda ferðamenn. www.endurmenntun.is

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Kjarni málsins Ekkert viðhald

REHAU

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða. gluggar@kjarnagluggar.is



AUGLEYSINGASTOFA E. BACKMAN



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is



Bjarni á hátindi Snæfells, hæsta fjalls Suður-Múlasýslu. Það var upphafið að ævintýrinu.

MYND/BRYNJÓLFUR BJARNASON

Gefðu dýrmætasta efni í heimi



**Hjálparstarf
kirkjunnar**

www.help.is

Horft af hæstu tindum

Margir vita hvernig tilfinning það er að komast upp á tind. En að sigra hæstu fjöll hveggja sýslu á landinu þekka aðeins þrjú menn. Einn þeirra er Bjarni E. Guðleifsson, höfundur nýju bókarinnar Á fjallatindum.

„Öll fjöll hafa eitthvað til síns ágætis. Áður var ég einskorðaður við Tröllaskagann en þetta verkefni jók mjög á víðsýni mína,“ segir prófessorinn Bjarni Guðleifsson um gönguferðir á sýslufjöllin 23. Útsýnið er honum ógleymanlegt frá ýmsum stöðum. „Fallegustu minningarnar eru frá Sauðhamarstindi á Lönsöræfum í Austur-Skaftafellssýslu og Snækkoli í Kerlingarfjölum í Árnesýslu. Litbrigðin eru svo stórkostleg í líparitinu. Það er líka sterk upplifun að ganga á há og hrikaleg fjöll eins og Hólamannahjúk í Skagafirði, Herðubreið í Suður-Þingeyjarsýslu og Snæfell í Norður-Múlasýslu.“ Hann segir sum hæstu fjöllin standa á sýslumörkum, til dæmis Tröllakirkju á Holtavörðuheidi; þar mætast

Strandasýsla, Dalasýsla og Mýrasýsla.

Garparnir eru þrjú sem lögðu öll fjöllin 23 að baki. Auk Bjarna eru það Rögnvaldur Gíslason, bóndi í Strandasýslu, og Sigurkarl Stefánsson líffræðingur. Fleiri slögust í för, misjafnlega oft. „Við gengum líka á nokkra jökla og í misgripum á fjöll sem ekki reyndust þau hæstu í sýslunum þegar til kom. En við vorum ekkert að flýta okkur heldur tókum í þetta tólf ár og nutum hveggja ferðar,“ segir Bjarni og kveðst aðspurður aðeins einu sinni hafa skipt út gönguskóm á tímabilinu. „Ég er svo íhaldssamur í klæðaburði,“ segir hann brosandi.

En komust félagarnir aldrei í hann krappan? „Jú, við lentum í hættu á Herðubreið. Þar kom grjóthrun þvert á gönguleiðina og hnull-

ungarnir flugu rétt við hausana á okkur. Ég segi síðan að fólk eigi að ganga með hjálma á Herðubreið. Í Jökulgilstindum í Suður-Múlasýslu fór um líka yfir mjög torfarinn jökul en að öðru leyti gekk allt vel,“ svarar Bjarni.

Listi yfir fjöllin og lýsing á gönguferðunum í máli og myndum er í bókinni Á fjallatindum sem Bjarni hefur nýlega sent frá sér. Hann kveðst hafa punktað eitthvað í hverri ferð. „Það er góð regla að skrá ýmislegt sem fyrir augu ber, það opnar svo mikið skynfærin,“ lýsir hann en segir hugmynd að útgáfunni hafa kviknað síðar. „Ánægjan var mikil í gönguferðunum og síst minni þegar ég fór að skrifa bókina, skoða myndir og kort. Þá endurupplifði ég allt.“

gun@frettabladid.is

BÍLKÓ

TVENNA

Tilboð



Umfelgun
á tilboði
Sumardekk
á tilboði

-15%

olis



afsláttur af
smurvinnu

VIÐ NOTUM AÐEINS GÆÐAVÖRU
FRÁ VIÐURKENNDUM AÐILUM

-20%

Takirðu bæði tilboðin í einu færðu
20% afslátt vinnu við smur!

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Á FERÐINNI



AKRAFJALL er áfangastaður göngu á vegum ferðafélagsins Útivistar sem farin verður á sunnudaginn 10. maí. www.utivist.is

GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



Peir Sigurbór Marteinn og Magnús Hafliðason reka upplýsinga- og þjónustusiðuna MyReykjavikInfo.com.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auðvelda ferðafólki lífið

Á MyReykjavikInfo.com geta ferðamenn nálgast allar mögulegar upplýsingar um Ísland. Viðbrögðin hafa verið gríðargóð. Stofnendur stefna lengra og opna síður á hinum Norðurlöndunum á næstu mánuðum.

„Við leggjum höfuðáherslu á hnitmiðað gæðaeefni og að skora vel hjá google-leitarvélinni,“ segir Sigurbór Marteinn, sem opnaði upplýsinga- og þjónustuvefinn MyReykjavikInfo.com í félagi við Magnús Hafliðason í byrjun apríl.

Viðtökur vefsins hafa verið framar vonum félaganna og nú þegar eru mörg af stærstu fyrirtækjunum í ferðaiðnaðinum orðin þátttakendur í honum.

Á MyReykjavikInfo.com er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um Ísland, bæði höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Það geta verið upplýsingar um veitingastaði, skemmtistaði, verslanir, flugfélög, helstu viðburði, hótél, bílaleigubíla og ýmislegt fleira. „Svo eru ýmsar nýjungar í honum líka. Það er til dæmis svokallaður „trip planner“

en í honum er hægt að skipuleggja fríið með því að draga inn í hann upplýsingar af síðunni (e. drag and drop). Hann er mjög þægilegur og einfaldur í notkun og ferðamenn geta dundað við að þúla inn í hann áður en þeir leggja af stað til landsins.“

Sem stendur er vefurinn á ensku en til stendur að hann verði líka á frönsku, þýsku, ítölsku, spænsku, einu Norðurlandamáli og vonandi íslensku upp úr miðju ári.

MyReykjavikInfo er hluti af alþjóðlegu neti MyDestinationInfo.com sem rekur upplýsingasíður fyrir ferðamenn víðs vegar um heim. Þeir Sigurbór og Magnús, sem báðir eru markaðsmenn, sáu tækifæri í að koma vefnum upp hér og settu sig í samband við fyrirtækið. Þeir byrjuðu á að fá leyfi fyrir Reykjavík. Þegar þeir sáu hversu góðar viðtökur

voru tryggðu þeir sér leyfi fyrir öll Norðurlöndin. „Norðurlöndin eru að mörgu leyti eins og eitt markaðssvæði, til dæmis hvað varðar flugfélög, veitingahúsa- og hótélkeðjur, svo það er rökrétt að hafa upplýsingar um öll löndin aðgengilegar á einum stað.“ Kaupmannahafnarvefurinn verður opnaður á næstu dögum, Stokkhólmur í júní og vefir Osló og Helsinkí seinna á árinu.

Í dag eru tólf borgir hluti af MyDestinationInfo en áætlað er að þær verði 35 í lok árs. Stærsta verkefnið hingað til er vefurinn fyrir London sem verður opnaður 1. janúar með mikilli markaðsherferð. „Það má segja að við höfum hrasað um þennan þröskuld á réttum tíma. Það verður gaman að taka þátt í þessu verkefni og sjá það vaxa.“

holmfridur@frettabladid.is

Móskarðahnúkar innan seilingar

Jón Gauti Jónsson hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum stingur upp á fjallgöngu við borgarmörkin.

„Ég sting upp á göngu á Móskarðahnúka,“ svarar Jón Gauti Jónsson, markaðsfulltrúi hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, þegar hann er beðinn um uppástungu að góðri gönguleið rétt fyrir utan borgarmörkin.

„Móskarðahnúkar eru leifar gamallar megineldstöðvar sem kennd er við Stardal,“ nefnir hann og í framhaldinu bendir hann á að þeir séu gerðir úr líparíti og því alltaf eins og þar sé flennisól.

Beðinn um að lýsa ferðinni segir hann: „Ekinn er Þingvallavegur og þaðan er beygt til vinstri við afleggjarann að Hrafnhólum. Ekið er áleiðis að Þverárkoti og síðan farið áleiðis til hægri inn á sumarbústaðalandið inn undir Móskarðahnúka við Skarðsá.“

Jón Gauti bendir á að sumarbústaðavegurinn henti reyndar ekki litlum bílum en innst við Skarðsá sé að finna ágætis bíla-



Móskarðahnúkar eru úr líparíti og því alltaf bjart þar um að litast.

MYND/ÚR EINKASAFNI

stæði. Gangan upp fjallið tekur að hans sögn að jafnaði aðeins um tvær klukkustundir, en fram og til baka megi reikna með þremur til fjórum tímum.

Hann mælir líka eindregið með, fyrir þá sem vilja ganga aðeins lengra, að ganga á alla tindana, það er að segja upp öll Móskörðin

til vesturs, út að Laufskörðum og fara þar niður Skánardal.

Ekki mega ferðalangar gleyma að taka með sér nesti, og ómissandi er að hafa meðferðis kort af svæðinu. Jón Gauti bendir fólki að lokum á að skoða vel myndakort af Esju frá Loftmyndum, en það gefur góða mynd af svæðinu. - vg

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



Mikið fuglalíf er við Leirvog. Þar getur að líta marga sjó- og vaðfugla. Hér má sjá fallega krúu í veiðihug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Komist í návígi við fugla

Fuglaskoðunarhús var nýlega opnað í Mosfellsbæ. Við Leirvoginn er einstakt fuglalíf árið um kring og frá fuglaskoðunarhúsinu er gott útsýni yfir Langatanga. Allir áhugasamir geta fengið aðgang að húsinu.

Mosfellingar opnuðu nýlega sitt fyrsta fuglaskoðunarhús, við Leirvog. Húsið er við Langatanga, talsvert fyrir neðan golfvöllinn, að sögn Karls Tómassonar, forseta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Hann segir einstakt fuglalíf við Leirvoginn árið um kring og því sé staðsetning hússins þar geysilega spennandi.



Hið nýja fuglaskoðunarhús stendur við Leirvog í Mosfellsbæ. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Tilkoma hússins á eftir að gera mikið fyrir áhugasama fuglaskoðara,“ segir hann og telur að það geti verið allt frá grunnskólanemum til atvinnu fuglaskoðara.

„Jóhann Óli Hilmarsson, einn helsti fuglafræðingur landsins, var okkur innan handar frá upphafi og reyndum við að leggja okkur öll fram við að gera þetta eins vel úr garði og mögulegt var,“ segir Karl og bendir á að til séu nokkur viðlíka fuglaskoðunarhús á landinu.

„Á þessu svæði er fjöldi vaðfugla. Góð yfirsýn er yfir Langatanga frá húsinu, en þann stað nýta margar fuglategundir sem hvíldarstað,“ segir Karl. Svo virðist sem fuglinn hræðist ekki neinar hreyfingar frá fólki sem er inni í húsinu. „Það er varla hægt að komast nær fuglinum en í sérhönnuðu fuglaskoðunarhúsi sem þessu,“ segir hann.

Karl segir ýmislegt hafa komið sér á óvart eftir að hann fór að kynna sér fuglaskoðun nánar. „Það er til dæmis alveg ótrúlegur

fjöldi fólks sem er að skoða og ljósmynda fugla úti um allan heim.“

Nýlega komu hingað til lands vísindamenn frá East Anglia-háskólanum í Norwich, hjónin dr. Jennifer Gill og Graham Appleton, en þau eru að vinna að alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem snýr að rannsókn á fari jaðrakana. Að sögn Karls var óneitanlega gaman að heyra af ánægju reyndra fuglaskoðara með hina nýju aðstöðu, enda hafi verið lagt upp með gott aðgengi að húsinu. Lagðir göngu-

stígar meðfram ströndinni og frá golfskálanum. Þá er í húsinu að finna greinargott upplýsingaskilti um þær fuglategundir sem finnast á leirunni.

Hægt er að nálgast lykla að fuglaskoðunarhúsinu í Íþróttamiðstöðinni Lágafelli frá klukkan 6.30 til 20.30 alla virka daga en frá klukkan 8 til 19 um helgar. Þess má geta að sérlegir fuglaáhugamenn eða félög geta fengið lykil til umráða.

vala@frettabladid.is



Ásbyrgi er inkar fögur náttúruperla á Norðausturlandi.

Gljúfur umlukið hamrabelti

FORNAR SÖGUR SÖGÐU FRÁ ÞVI AÐ ÁSBYRGI HEFÐI ORÐIÐ TIL ÞEGAR SLEIPNIR DRAP ÞAR NIÐUR FÆTI.

Ásbyrgi er gríðarmikil hamrakvos sem gengur inn í Ásheiðina vestan Jökulsár á Fjöllum. Hamraveggirnir sem umlykja kvosina hækka eftir því sem innar dregur og verða allt að 100 metra háir. Ásbyrgi er um 3,5 km að lengd og 1,1 km að þvermáli þar sem það er breiðast. Fremst í byrginu miðju er Eyjan, um 250 m breið þar sem hún rís upp af flatlandinu norðan byrgisins en mjókkar og hækkar eftir því sem innar dregur þar til þverhníptir hamraveggirnir beggja vegna mætast í hárrí hamraegg.

Sögur herma að eitt sinn hafi Sleipnir, hestur Óðins, drepit niður fæti norður í Kelduhverfi og við það hafi Ásbyrgi orðið til. Þannig skýrði alþýða manna fyrr á öldum þetta stórfenglega skeifulaga gljúfur. Á síðari tímum hafa ýmsar aðrar tilgátur verið settar fram um tilurð þessa einstaka náttúruundurs en flest bendir til þess að Ásbyrgi hafi myndast í tveimur hamfarahlaupum sem urðu í Jökulsá á Fjöllum, hið fyrra fyrir um 8-10 þúsund árum og hið síðara fyrir um 3 þúsund árum. www.nordasturland.is

ÞESSI ER MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla



SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

TUDOR

fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík og Selfossi og Barðanum Skútuvogi

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

Truma

Ertu þreyttur á að þúða með hjólhýsi?

TrumaMover leysir málið!
Nú á tilbóði undir komið

TILBOÐ 279.000.- KR.
á meðan birgðir endast

Alde

Gasþjónustan
Gerir allt sem viðkemur gasi

Miðstöðvar

Vatnshitari

Trumatic E 2400

Combi 4 + heitt vatn

Boiler B 14 L.

Bara sniðugi

Gastengi úti

Ultraheat

Therme

Ristar og lok

Ristar/lök/rör ofl.

Kranar

DuoControl

Hitastillir

Mótorar

ALKO

Kúlutengi

Demparar

Nefhjól

Flexitorar

- Verkstaði fyrir allar tegundir ferðavagna.
- Mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir.
- Full búð af ferðavörum og aukahlutum.

Yfir 45 ára reynsla og þjónusta

Bílaraf Gasþjónustan

Gleðilegt ferðasumar!

Strandgata 75 - 220 Hafnafjörður - sími 564 0400 - www.bilaraf.is - www.bilaraf@bilaraf.is

Til leigu sumarhús við Brúará. Svefnpláss fyrir 8 manns. Heitur pottur. Lausar vikur í maí og júní. Verð per vika 95þús. Uppl. á maggahroinn@gmail.com eða í s. 848 8881 e.kl. 20

Atvinnuhúsnæði

Fyrir innlandan iðnað
1.706 m2 framleiðsluhús á Eyrbakka. Rafinntak 1.200 amp Starfsm. aðstaða. Útísvæði og fl. Hagstæð leiga. S. 661-6800

Geymsluhúsnæði

ALDREI BETRA VERDI!

HAFNARBAKKI FLUTNINGATEKNI

Hringbellu 8 • 221 Hafnarfirði
t. 533 3350 • www.hafnarbakki.is

www.geymslaeitt.is
Sér geymslu frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

geymslu.com
Geymslu frá 3990.- kr á máni. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Bílskúr

Bílskúr til leigu á sv. 111 Rvk. Uppl. í s. 557 1158.

Bílskúr.
Til leigu 26 fern bílskúr með hita og rafmagni. Uppl. í síma 8675985.

Gisting

GISTING í 101 RVK. Íbúð fullbúin m/ svölum. Bílast. Frá 5.000.- kr. per sólarhr. uppl s: 898-4188

Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jahaerbergia íbúðir á Akureyri. Uppbúin rúm, Internet, ADSL TV.

Vikugisting í glæsilegum hótellíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, net-tenging, sjónvarp, eldunar- og þvotta-aðstaða, 2-6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

ATVINNA

Atvinna í boði

Hellulagningar
Óskum eftir að ráða vana hellulagningamenn til vinnu sem fyrst. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
Nánari upplýsingar í síma 897 3057.

Sveinsbakari óskar eftir starfskrafti
fyrir og eftir hádegis og aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði. Ekki yngri en 20 ára.
Upplýsinga í síma 820 7370 eftir kl. 15.

Persónulegur ráðgjafi/líðveisla óskast sem fyrst.
Félagshjónusta Seltjarnarnes óskar eftir karlmanni á aldrinum 20-30 ára til að aðstoða unglingsdrengr. Þarf að vera sveigjanlegur og hafa innsýn og/eða menntun á sviði þroska-hömlunar.
Upplýsingar gefur Sigrún Hv. Magnúsdóttir yfir félagsráðgjafi í s. 595 9132.

Starfskraftur óskast í veiðibúð frá maí - okt.
hæfniskröfur-leiðsögumenska eða vit á stangveiði algjört skilírdi.. stunnvísi er grundvöllurinn fyrir samstarfi. meðmæli er +. Umsóknir sendist á zircon@simnet.is

Skipstjóri óskast á linubát frá austrfjörðum upplýsingar í síma 8641673.

30.000 kr. fyrir flottasta prófílinn!
Sexychat.is efnir til samkeppni um flottasta prófílinn. Peningaverðlaun og ókeypis áskrift! Sexychat.is.

Múari eða maður vanur múrverki óskast til starfa strax. Þarf að hafa unnið við flíslagnir og með náttúrustein. Uppl. í s. 896 4757.

Geysir verslun í Hafnarstræti óskar eftir hressu starfsfólki í sumarvinnu. Aldurstakmark umsækjenda 20 ár. Tungumálakunnátta skilyrði. Áhugasamir sendi tölvupóst á elmar@geysirshops.is

Starfsfólk vantar á ljósaðstoðu í Rvk. Uppl. í s. 690 5484.

Handþrjónakonur
Geysir Shops óskar eftir handþrjónakonum. Áhugasamir sendi tölvupóst á elmar@geysirshops.is eða hringi í s. 555 2808.

EMAMI Vantar söluðómur í kynningar, hlutastarf. Góðar tekjur fyrir gott fólk. Áhugasamir sendi ferilskrá á sandra@emami.dk

Grímsnes-Ásbergir 10 mínútna akstur frá Selfossi óska eftir duglegum úrræðagóðum manni vönnum hellulögnum sími 8976802

Veitingahúsið Lauga-ás leytar eftir duglegum og glöðlyndum starfskrafti í eldhúsi og sal í 50% vinnu um kvöld og helgar. Uppl. í s:5531620 og á staðnum.

Starfsmaður óskast í sumarafleysingur við afgreiðslu á skóvinnustofu/skóbúð. Vinnutímarnir eru hlutastarf í sumar. Viðkomandi þarf að vera reyklaus og tala íslensku. Umsóknir sendist á skori@islandia.is og við höfum samband. Ekki verður tekið við umsóknum á staðnum. Þráinn Skóari ehf.

Vantar starfsfólk í útkeyslu. Vinnutími frá ca 07-15. Einnig vantar fólk í sumarafleysingar. Reglusemi og stundvísi skilyrði. Vinsamlegast sendið umsóknir með mynd á sendi@simnet.is

Atvinna óskast
Sjálftæður smíður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

25 ára kona óskar eftir vinnu. Hef ný lokið námi í bókhaldi og get talað mig rekrstarfulltrúa. Skoða allt. S:847-7959 emami.dk

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Artist looking for women and girls to talk about Reykjavik memories. t:5173546 or freja.backman@gmail.com


Einkamál

Chat.is
Frábær nýr íslenskur spjallvefur, ókeypis og öllum opin. Þið notið hljóðspjall (Voice Chat) til að tala saman alveg eins og í síma! Chat.is.

54 ára samk.hn. KK
vill kynast karlmanni, 20-40 ára. Augl hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8668.



30.000 kr. fyrir flottasta prófílinn!
Sexychat.is efnir til samkeppni um flottasta prófílinn. Peningaverðlaun og ókeypis áskrift! Sexychat.is.



Einstaklega heit auglýsing
ungrar konu sem er í alveg gríðarlegum ham og vill að þú hlustir á hana leika sér og skiljir eftir skilaboð hjá henni. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8319.

Símabjónusta Spjaldómur
S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögar
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjaldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

SPORT 2 enski boltinn

MÖGNUM TOPPBARÁTTA

ARSENAL – CHELSEA
MAN. UTD. – MAN. CITY
WEST HAM – LIVERPOOL
LIVERPOOL - TOTTENHAM

BARÁTTA UM MEISTARAEILDARSÆTI OG EVRÓPUSÆTI - HVERJIR FALLA?

MEISTARARAR KRÝNDIR Í MAÍ!

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á SPORTIÐ HEIMA

SPORT

ÚRSLITALEIKURINN Í ENSKA BIKARNUM

CHELSEA EVERTON

SPORT

CHELSEA – BARCELONA

Í KVÖLD KL. 18:30

MEISTARAEILDIN UNÐANÚRSLIT

FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOD!

50%

AFSLÁTTUR AF FÉRFORDI

ÁSKRIFENDUR STÓÐVAR 2, SPORT 2 EÐA FJÓLVARPSINS GETA NÚ BÆTT VIÐ SIG ÁSKRIFT AD STÓÐ 2 SPORT MED 50 % AFSLÆTTI. NÁNAR UM TILBODIÐ Á STOD2.IS

SPORT

THE PLAYERS CHAMPIONSHIP

STÆRSTA MÓTIÐ Á PGA MÓTARÖÐINI

SPORT

FORMÚLUVÉISLA SPÁNN MÓNAKÓ

SPORT

ÍSLENSKI BOLTINN BYRJAR AF KRAFTI

besta sætið

Tilkynningar

Fyrstur kemur fyrstur fær

Sumar 2009

Fyrstur kemur - Fyrstur fær
hefst **8. maí** n.k.
Skrifstofan opnar kl. 8:15.

Efling-stéttarfélag, Sætúni 1, 105 Reykjavík, Sími: 510 7500.



Útboð

Útboð

Fyrir hönd húsfélagsins Miðleiti 5-7, óskar Almenna verkfræðistofan hf. eftir tilboðum í verkið:

MIÐLEITI 5 - 7 VIÐGERÐ Á KLÆÐNINGUM

Í verkinu felst að gera við stálklæðningu á hliðum hússins og klæðningu á þakkanti ásamt málun.

Útboðsgögn eru afhent bjóðendum á rafrænan hátt um póstfangið gudmundur@almenna.is.

Ekki verður haldinn kynningarfundur eða efnt til vettvangsskoðunar með bjóðendum.

Tilboði skal skilað í lokuðu umslagi merktu nafni útboðs, eigi síðar en kl. 13³⁰ miðvikudaginn 13. maí til Almennu verkfræðistofunnar hf., Fellsmúla 26, 108 Reykjavík, og verða tilboð opnuð þar þennan sama dag kl. 13⁴⁵.



Atvinna

Forstöðumaður Framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar á tækni- og umhverfissviði óskast til starfa hjá Seltjarnarnesbæ

Á tækni- og umhverfissviði Seltjarnarnesbæjar er laus til umsóknar staða forstöðumanns Framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar.

Undir tækni- og umhverfissvið falla m.a. eftirtalin verkefni: Skipulags- og byggingamál, rekstur veitna, Framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar og garðyrkju-deildar, verksamningagerð og samskipti við hönnuði og verktaka, eftirlit með framkvæmdum, umsjón með útboðum og úttektir á skilum framkvæmda.

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri tækni- og umhverfissviðs.

Leitað er að drifandi einstaklingi sem hefur metnað til að taka þátt í frekari uppbyggingu sviðsins.

Starfssvið og ábyrgð

Hlutverk forstöðumanns er m.a. eftirfarandi:

- Rekstur og umsjón Framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar
- Samskipti og upplýsingagjöf við yfirmenn sviða, deilda og stofnana
- Umsjón með verkferla- og verkbeiðnakerfi

Menntun- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun, meistararéttindi í iðngrein sem fellur að starfssviði Framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar
- Menntun í iðnfræði
- Reynsla og þekking á verkferla- og verkbeiðnakerfum
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking í stefnumótunavinnu og opinberri stjórnsýslu er kostur

- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Hæfni til þess að koma fram og tjá sig í töluðu og rituðu máli
- Frumkvæði, metnaður og framsýni í starfi

Um er að ræða tækifæri til að takast á við tækni- og framkvæmdamál í framsæknu bæjarfélagi þar sem við taka krefjandi verkefni frá fyrsta degi.


Nánari upplýsingar veitir Ólafur Melsted, framkvæmdastjóri tækni- og umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar, sími 8998907, olafur@seltjarnarnes.is. Kjör eru samkvæmt viðeigandi kjarasamningi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um stöðuna.

Umsókn sendist á: Bæjarskrifstofur Seltjarnarnes, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes, merkt: **Forstöðumaður Framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar** fyrir 18. maí 2009, eða með netpósti á olafur@seltjarnarnes.is fyrir sama tíma. Í umsókn skal greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjandi hefur tekist á við á undanförunum árum og sem hann telur að koma muni að gagni í þessu starfi.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirsurnir og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.

SELTJARNARNESBÆR
Tækni- og umhverfissvið



Tilkynning um greiðslustöðvun Sparisjóðs Mýrarsýslu og boðun fundar með lánadrottnum.

Með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands, uppkveðnum 27. apríl sl., var Sparisjóði Mýrarsýslu, kt. 610269-5409, Digranesgötu 2 í Borgarnesi, veitt heimild til greiðslustöðvunar. Hefur undirritaður lögmaður tekið að sér að vera aðstoðarmaður sparisjóðsins á greiðslustöðvunartíma. Gildir heimildin til mánuðagsins 18. maí n.k., kl. 15:00, er málið verður tekið fyrir að nýju í Héraðsdómi Vesturlands, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Með vísan til 13. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og 98. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er hér með boðað til fundar með lánadrottnum Sparisjóðs Mýrarsýslu þann 13. maí nk., kl. 10:00, í Hótel Borgarnesi, Egilsgötu 16, Borgarnesi. Er ætlunin að kynna á fundinum tillögur að aðgerðum vegna fjárhagsvanda sparisjóðsins. Nánari upplýsingar veitir undirritaður lögmaður í síma 4333000 eða 8993320.

Borgarnesi, 30. apríl 2009
Sigurður R. Arnalds hrl.

Til sölu fasteignir þrotabúa

Sala eigna þrotabúa

Skiptastjórar þrotabúa Nýsis fasteigna hf. og Engidals ehf. auglýsa eftirtaldir eignir þrotabúanna til sölu;

1. Grípir ehf. félag um eignarhald fasteignar leikskólans Króks í Grindavík
2. Þekkur ehf. félag um eignarhald fasteignar leikskólans Álfsteins í Hafnarfirði
3. Nýtak ehf. félag um eignarhald fasteignar Lækjarskóla í Hafnarfirði
4. Iði ehf. félag um eignarhald fasteignar íþróttahúss Bjarkar í Hafnarfirði
5. Laugahús ehf. félag um eignarhald fasteignar Lauga í Reykjavík
6. Fasteignin að Reykjavíkurvegi 74 í Hafnarfirði - Nýsishúsið
7. Gránufélagið ehf. félag um eignarhald leiguíbúða á Akureyri

Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér stöðu einstakra eigna og taka þátt í söluferlinu er rétt að koma á framfæri upplýsingum um áhuga sinn til skiptastjóra fyrir klukkan 12:00 þann 11. maí 2009. Í slíkum skeytum þarf að koma fram hvaða eignir óskað er að fá að skoða nánar og upplýsingar um fjárhagsstöðu hugsanlegs tilboðsgjafa. Í framhaldinu verður þeim sem kost fá á að gera tilboð fengnar upplýsingar um einstakar eignir og gefinn frestur til að gera formleg tilboð.

Skeyti með ofangreindum upplýsingum sendist skiptastjórum með tölvuskeytum á netfangið nysir@nysir.is fyrir klukkan 12:00 þann 11. maí 2009

Reykjavík 6. maí 2009
Ástráður Haraldsson hrl. Þorsteinn Einarsson hrl.

ALLT HEIMILI

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María

512 5473

Hugi

512 5447

SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐARINS

INGÓLFUR BENDER

Ekki ástæða til smærri skrefa

Talsvert hefur dregið úr verðbólgu frá síðustu vaxtaákvörðun nefndarinnar 7. apríl síðastliðinn. Mælist verðbólgan nú 11,9 prósent en var 15,2 prósent þegar vaxtaákvörðunin í mars var tekin. Spáir Greining Íslandsbanka því að verðbólgan verði komin niður í verðbólgu-markmið Seðlabankans fyrir lok þessa árs. Verðbólguvæntingar eru litlar. Dregið hefur enn frekar úr eftirspurn á vinnumarkaði og atvinnulausum fjölgað. Þá virðist launaprýstingur óverulegur. Vísendingar eru um að enn hafi dregið úr innlendri eftirspurn og eru væntingar neytenda til efnahags og atvinnulífs litlar þó þær hafi hækkað aðeins undanfarið.

Fyrir síðustu vaxtaákvörðun peningastefnufélagarinnar í apríl hafði krónan lækkað allnokkuð á stuttum tíma, um 9 prósent frá vaxtaákvörðun nefndarinnar í mars. Taldi nefndin þá að veik staða krónunnar stafaði af tímabundnum þáttum svo sem tiltölulega miklum árstíðabundnum vaxtagreiðslum af skuldabréfum erlendra aðila í íslenskum krónum. Síðan hefur krónan hins vegar lækkað enn frekar, um nær 2 prósent. Núverandi stýrivaxtagætt er að mínu mati ekki ráðandi fyrir þessari þróun krónunnar. Höft á gjaldeyrismarkaði koma í veg fyrir það. Munur innlendra og erlendra vaxta er enn umtalsverður eftir lækkunina og því umtalsverður stuðningur við krónuna þegar að floti kemur.

Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum og í utanríkisviðskiptum hafa versnað enn frá stýrivaxtaákvörðuninni í apríl. Borist hafa tölur sem sýna að framleiðsla stærstu iðnríkja heims hefur dregist umtalsvert saman undanfarið og víða umfram væntingar. Samdrátturinn var þannig 6,3 prósent í Bandaríkjunum á fyrsta fjórðungi þessa árs. Kreppan hefur verið að dreifa sér víðar þar sem samdráttur í utanríkisviðskiptum, aukin vandanámál í fjármálaálagranum og leiðrétting á húsnæðisverði eru að draga úr vexti ríkja í Vestur-Evrópu og Asíu svo eitthvað sé nefnt.

Í ljósi ofangreinds málið ég með því að stýrivextir bankans verði lækkaðir um 3,0 prósentur niður í 12,5 prósent. Ég tel ekki ástæðu til að taka þessa lækkun í smærri skrefum þar sem hver dagur í hávaxtaumhverfi er fyrirtækjum og heimilum í landinu dýrkeyptur og biðin skilar engu.

Niðurstaða: þriggja prósentustiga lækkun



PÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON

Komið er að tímamótum

Ég tel að nú sé tilefni til að marka tímamót í vaxtamálum – og legg til að vextir verði lækkaðir í tveimur þriggja prósent skrefum niður í 9,5 prósent. Fyrri skrefið verði stigið á fimmtudaginn kemur – í 12,5 prósent – og það síðara á næsta vaxtaákvörðunardegi þar á eftir, 4. júní. Þá verði vextir lækkaðir í 9,5 prósent. Síðari ákvörðunina er sjálfsagt að binda skilyrðum um að þróun efnahagsmála verði í samræmi við áætlanir fram að þeirri ákvörðun.

Það er sannarlega tímabært að skipta um gir í vaxtamálum. Í því sambandi nægir að benda á að útgjöld þjóðarbúsins hafa dregist stórlega saman, afgangur af vöruskiptajöfnuði er umtalsverður, atvinnuleysi er meira en nokkru sinni áður og verðbólga er hverfandi. Engin hættu er því á þenslu í efnahagslífinu. Aftur á móti er veruleg hættu á ofkólnun í hagkerfinu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Framhald ofurvaxta getur dýpkað og lengt kreppuna svo um munar og því valdið meiri þjáningum en þörf er á.

Þegar lítið er til annarra landa má sjá að raunstýrivextir í traustum ríkjum hverfast um þessar mundir um núllið en í hávaxtaríkjum liggja þeir á bilinu 2 til 4 prósent. Hjá okkur eru raunstýrivextirnir tvöfalt til fjórfalt hærrí en í umræddum hávaxtaríkjum. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Í mínum huga er enginn vafi á því að besta einstaka hagstjórnaradgerðin til að forða okkur frá of djúpri dýfu í efnahagsmálum og óþörfum þjáningum er umskipti í vaxtamálum. Það er einnig besta aðgerðin til að búa í haginn fyrir bata. Þá er enn fremur brýnt að skýra frá fyrirhugaðri vaxtabreytingu í júní með skilyrtum hætti. Hér að baki liggur að menn viti við hverju er að búast svo fremi sem áætlanir gangi eftir. Aðferðaræðin sem fylgt hefur verið um litlar breytingar og að sjá síðan til er einfaldlega ekki viðeigandi lengur, ef ekki beinlínis hættuleg.

Trúverðugleika út á við kann að vera teflt fram gegn vaxtalækkunum í þessa veru. Fátt annað kæmi til álita hjá þeim sem vilja fara „varlega“. Ég tel hins vegar að trúverðugleika okkar sé teflt í tvísýnu ef við getum ekki sannfært umheiminn um að hærri raunstýrivextir en í helstu hávaxtalöndum séu skaðlegir fyrir íslenskt efnahagslíf.

Niðurstaða: þriggja prósentustiga lækkun



ÓLAFUR ÍSLEIFSSON

Raunhæfar forsendur ráði för

Vaxtaákvörðun þarf að styðjast við raunhæfar forsendur um þróun verðlags, horfur á gjaldeyrismarkaði og almenn skilyrði í þjóðarbúskapnum. Allir þessir þættir ættu að leiða til umtalsverðrar lækkunar á stýrivöxtum Seðlabankans.

- Algjör umskipti hafa orðið í verðlagsþróun eins og sést af því að ársþækkun vísitölu neysluverðs síðustu þrjú mánuði í mars og apríl er innan við tvö prósent.
- Ekki er fyrirsjáanlegt að forsendur séu til að afnema gjaldeyrishöftin fyrir en teknar hafa verið ákvarðanir um framtíðarskipan gjaldeyris- og peningamála. Gengi krónunnar ræðst á nánast óvirkum markaði þar sem koma að þrjú ríkisbankar auk Seðlabankans og er því í raun á ábyrgð stjórnvalda.

- Almenn skilyrði í þjóðarbúskapnum einkennast af alvarlegri kólnun, óvígðunandi starfsskilyrðum fyrirtækja vegna óhóflegs fjármagnskostnaðar og vaxandi atvinnuleysi í kjölfarið.

Í þessu ljósi er löngu tímabært að ákveða myndarlega lækkun stýrivaxta nú þegar og leggja fram áætlun um frekari lækkun vaxta á komandi tíð. Hvarvetna í nágrannalöndum hafa seðlabankar beitt sér gegn kreppunni með verulegri lækkun stýrivaxta, sem víðast hvar liggja á bilinu 0 til 2 prósent meðan hér eru hæstu vextir á byggðu bóli. Því ber að fagna að stjórnvöld hafi leitað samninga við eigendur jöklabréfa með það að markmiði að viðunandi jafnvægi ríki milli hagsmuna þessara aðila og innlends gjaldeyrismarkaðar.

Atvinnulíf og heimili hér á landi búa við hruninn gjaldmiðil og ekki fyrir-sjáanlegt að hægt sé að gera hann starfhæfan nema til bráðabirgða og þá í samstarfi við erlenda aðila. Af þessum sökum má ekki dragast að taka upp viðræður um samstarf í gjaldeyris- og peningamálum við Evrópusambandið á grundvelli umsóknar Íslendinga um aðild að bandalaginu.

Engin leið er til þess að reisa við efnahag þjóðarinnar nema á grundvelli skýrrar stefnu um framtíðarskipan gjaldeyris- og peningamála. Hún er forsenda þess að takast megi að styrkja gengi krónunnar og að Íslendingar búi við frjáls gjaldeyrisskipti að nýju sem nauðsynlega forsendu hagsældar í landinu.

Niðurstaða: þriggja prósentustiga lækkun



Þarf að bæta, breyta eða byggja við?

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði, hvort sem þær eru byggðar eða keyptar. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán er 20 milljónir, að meðtöldum áhvílandi lánum framar í veðröð. Lánstími er 5 til 40 ár.

Kynntu þér málið:

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Sími: 569 6900 // 800 6969





skemmtilegri



FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBODI!
50%
 AFSLÁTTUR AF F4

ÁSKRIFENDUR STÓÐVAR 2 SPORT, SPORT 2 EDA FJÓLVARPSINS GETA NÚ BÆTT VIÐ SIC ÁSKRIFT AD STÓÐ 2 MEÐ 50% AFSLÁTTI M.V. ÞRIGGJA MÁNADA SKULDBINDINGU. NÁNAÐ UM TILBOÐIÐ Á STOD2.IS

SJÓÐHEITUR MAÍ

ÚRSLIT Í IDOL STJÖRNULEIT – HVER FER HEIM MEÐ 2 MILLJÓNIR KRÓNA?

GREY'S ANATOMY SNÝR AFTUR



WIPEOUT



ÞAD ER
ODYRARA
AD SKEMMTA SÉR HEIMA



ÚRSLITIN Í AMERICAN IDOL Í BEINNI



AUÐI OG SVEPPI



THE MENTALIST



FRINGE



PRISON BREAK



SJÁLSTÆTT FÓLK



HELL'S KITCHEN

BANKAHÓLFID

Sendifulltrúi andlega sviðsins

Eins og kunnugt er kynnti bandaríski leikstjórinn David Lynch áhugasömum Frónbúum innhverfa íhugun um síðustu helgi. Leikstjórinn heldur því fram að með íhugun megi bæta andlegt ástand mörlandans og færa það upp á nýtt svið í margvíslegum skilningi orðsins. Stefnt er að því að safna saman hópi fólks til að ýta landinu með hugleiðslu upp úr þeim spólförum sem það situr í. Ef vel gengur má geta sér þess til að Lynch fái stöðu sendifulltrúa andlega sviðsins hér á landi og muni sitja við hlið Franeks



Rozwadowski sendifulltrúa sem sinnir ytri og veraldlegu hliðinni í nafni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Dýnamískt dúó eða samstíga par?

Nefnd sem metur hæfi umsækjenda um starf seðlabankastjóra lýkur störfum 28. maí. Allmargir sóttu um og skrafar áhugafólk um hagfræði og peningamálastjórn nokkuð um málið. Margir hafa viljað meina að búið væri að eyrmerkja starfið fyrrum aðalhafstjórn Seðlabankans, Má Guðmundssyni. Síðan kynni að verða til samstíga par með því að skipa Arnór Sighvatsson (sem var aðalhafstjórn Seðlabankans þar til fyrir skömmu) aðstoðarseðlabankastjóra. „Dýnamískt dúó“ mætti hins vegar búa til með því að skipa Yngva Örn Kristinsson, fyrrum yfirmann verðbréfasviðs Landsbankans, sem aðstoðarseðlabankastjóra, en hann þykir hafa margt til brunns að bera í starfið.

Eða algjör uppstokkun?

Aðrir telja óvarlegt að gefa sér nokkuð um niðurstöðu í ráðningarmálum Seðlabankans. Draugar fortíðar í Landsbankanum kunni að verða til þess að Yngvi Örn þyki ekki vænlegur kostur. Þá sé Már Guðmundsson ekki heldur laus við fortíðarvanda, enda sé hann, þótt enginn efast um hæfi hans og tengsl í alþjóðlegum bankaheimi, einn af höfundum peningastefunnar sem hér hefur verið rekin síðustu ár, með hörmulegum árangri. Krónan hafi jú hrunið á undan fjármálakerfinu. Sama gildi um Tryggva Pálsson, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans. Því þurfi að kalla nýtt fólk að stjórn Seðlabankans og heyrast þá nafn Þorvaldar Gylfasonar háskólafrófsins oftast nefnt. Grugg er meira í spákúlunni þegar að því kemur að spá fyrir um hver verði aðstoðarseðlabankastjóri.



70


prósentum munar á verði fasteigna á Vestfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt tölum Fasteignaskrár um þróun íbúðaverðs á síðasta ári. Verðið er lægra fyrir vestan.

1.111

milljóna króna tap varð á rekstri N1 hf. eftir skatta á síðasta ári, samanborið við 860,9 milljóna króna hagnað á árinu 2007.

11,9

prósenta verðbólga var í apríl samkvæmt mælingu Hagstofu Ísland og hefur hún ekki verið minni síðan í apríl í fyrra, þótt mælingin væri lítillega yfir væntingum.



Árangur – síðustu 5 kílóin

Losaðu þig við þessi síðustu „föstu“ kíló fyrir sumarið! 4ra vikna námskeið.

Þú nýtur áratuga reynslu og þekkingar Ágústu Johnson, Guðbjargar Finnsdóttur og Önnu Eiríksdóttur sem hafa hannað og sett saman nýtt æfingakerfi fyrir konur sem skilar þér besta árangri sem völ er á.

Skoðaðu allt um þetta námskeið á www.hreyfing.is.

Þar er einnig hægt að ganga frá skráningu.

Tími: Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 19:45

og laugardaga kl. 10:15.

Kennari: Ásdís Halldórsdóttir

2 NÝ NÁMSKEIÐ

HEFJAST 11. MAÍ



Árangur – hjól

Hjólaðu þig í topp form – fyrir konur og karla 4ra vikna námskeið

Skemmtileg og fjölbreytt tónlist, frábær aðstaða, einföld og góð þjálfun og þú kemst í topp form fyrir sumarið. Á þessu námskeiði hámarkar þú fitubruna líkamans um leið og þú styrkir hjarta- og æðakerfi. ATH! Púlsmælur eru nauðsynlegir á þessu námskeiði. Veittur er 15% afsláttur af þeim hjá Hreyfingu fyrir þátttakendum.

Tími: Mánudaga og miðvikudaga kl. 16:15.

Kennari: Fríða Sigurðardóttir

Við erum stolt og ánægð yfir framúrskarandi dómum frá þátttakendum á námskeiðunum


97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt eða farið fram úr væntingum þeirra.

99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með námskeiðinu við aðra.

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



SAMSUNG · NP-NC10
Skjár: 10,2" WSVGA 1024 x 600 LED
Örgjörvi: Intel® ATOM™ N270
1,6Ghz
Vinnsluminni: 1Gb DDR2
Harður diskur: 160Gb 5400rpm S-ATA
Myndavél: 1.3 Mpixel vefmyndavél
Stýrikerfi: Windows XP HOME
Þyngd: 1,33 kg
Verð kr. 94.900.-



SAMSUNG · NP-R510 FA08
Skjár: 15,4" WXGA 1280 x 800
Örgjörvi: Intel® Pentium Dual Core T3400
2,16Ghz
Vinnsluminni: 2Gb DDR2
Harður diskur: 250Gb 5400rpm S-ATA
Myndavél: 1.3 Mpixel vefmyndavél
Stýrikerfi: Windows Vista Home Premium
Þyngd: 2,7 kg
Verð kr. 139.900.-



SAMSUNG · NP-R610-AS03SE
Skjár: 16" HD 1366 x 768
Örgjörvi: Intel® Pentium Dual Core T6400
2,0Ghz
Vinnsluminni: 3Gb DDR2
Harður diskur: 320Gb 5400rpm S-ATA
Myndavél: 1.3 Mpixel vefmyndavél
Stýrikerfi: Windows Vista Home Premium
Þyngd: 2,75 kg
Verð kr. 189.900.-

ORMSSON

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

UNDURSAMLEGAR
FARTÖLVUR

+ allt annað líf



Við í Lyfju Lágmla höfum breytt verslun okkar. En við gerum gott betur til að koma til móts við þarfir þinar.

Afgreiðslan er nú skilvirkari. Ef þú þarft að bíða þá höfum við gert biðina þægilegri og samtalsaðstaða hjá lyfjafræðingi hefur verið bætt.

Auk þess bjóðast núna spennandi vörunýjungar í hreinlætis- og snyrtivörum.

Við tökum þér opnum örmum milli kl. 07 að morgni og 01 eftir miðnætti, alla daga vikunnar.

ISLENSKA SÁLIS LYFJ 46024 05/09

30% afsláttur⁺



NERVIDIX

Segðu BLESS við taugaóróa og stress. Upplifðu innri frið og skýrari fókusa.

DEPRIDIX

Segðu BLESS við depurð og tómeikatilfinningu. Finndu lífsorkuna á ný.

ENERGIX

Segðu BLESS við orkuleysi. Örvaðu orkufæðni og einbeitinguna. 100% náttúruleg formúla.

+ Gildir í Lyfju Lágmla til 10. maí á meðan birgðir endast.

50% afsláttur⁺

Allar konur eldri en 40 ára þurfa að fylgjast með beinþéttni reglulega. Við bjóðum 50% afslátt af beinþéttnismælingum í Lyfju Lágmla dagana **6.–8. maí frá kl. 10–16.**

Kynntu þér hjúkrunarþjónustu okkar og heilsufarsmælingar á www.lyfja.is

Beinþéttnismæling Lyfju Lágmla

+ Gildir 6.–8. maí frá kl. 10–16.

25% afsláttur⁺

af öllum Estee Lauder vörum
í Lyfju Lágmla – aðeins í dag.



DayWear Plus

Dagkremið sem færir húðinni raka og geislandi áferð og lit. Öflugur rakagjafi og andoxunarefni fyrirbyggja línur og hrukkur. 50ml.

+ Tilboðin gilda 6. maí af öllum Estee Lauder vörum í Lyfju Lágmla á meðan birgðir endast.

15% afsláttur⁺

til 10. maí
í Lyfju Lágmla



IBUFEN 400 og 200mg.

+ Gildir til 10. maí á meðan birgðir endast.

BONUS BONUS B



219 kr./kg.

SAFARÍK RAUÐ EPLI
NÝ UPPSKERA FRÁ ARGENTÍNU



798 kr./kg.

FERSK BEINLAUS ÝSUFLÖK
FISKBÚÐIN OKKAR: ROÐ OG BEINLAUS ÝSUFLÖK



498 kr./kg.

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



1498 kr./kg.

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



698 kr.


SALTÐ HROSSAKJÖT
SALTÐ HROSSAKJÖT 698 KR. 3.KG FATA

BONUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ MIÐVIKUDAG: 12.00-18.30



NOKKUR ORÐ
Alma Guðmundsdóttir



Eurovision beint í æð

Ég er svo heppin að fá að vera með íslenska Eurovisionhópnum í Moskvu. Aðdáendur keppinnar eru komnir alls staðar að til að fylgjast með og hér er fólk sem pantaði sér hóteltgistingu og flugfar á keppnina um leið og það lá fyrir hvar hún yrði haldin. Fyrir mörgum er Eurovision árlegur viðburður líkt og skíða-, golf- eða sólarlandafarðir eru fyrir aðra og á hótelinu okkar er til dæmis maður frá Suður-Afríku sem vill endilega fá undirspilið af Is it true, til að gefa það út á afrikaans.

Ég hef aldrei áður komið til Rússlands og var í raun ekki búin að gera mér neina hugmynd um hvernig það yrði. Ég vissi reyndar að Moskva hefur lengi verið ein dýrasta borg í heimi og það er vissulega satt. Allt á hótelinu er á uppsprengdu verði, hvort sem það er samloka, vatnsflaska eða internetaðganga, og matvörubúðin í nágrenninu er dýrari

en dýrustu matvöruverslanir á Íslandi. Sem betur fer höfum við okkur til halds og trausts þau Igor og Júlíu sem eru ungir Rússar í sjálfboðavinnu fyrir keppnina. Þau hafa gefið okkur góð ráð og meðal annars passað upp á að við séum ekki snúðuð í leigubílnum, sem eiga það víst til að keyra með útlendinga um alla borgina og rukka svo formúu fyrir.

Eins og gefur að skilja er öryggisgæsla í kringum Ólympíuhöllina mjög ströng. Allar handtöskur eru grandskoðaðar áður en manni er hleypt inn og nauðsynlegt er að hafa Eurovisionpassann um hálsinn allan tímann. Allt er þetta þaulskipulag og hver mínúta í dagskránni er planlögð. Það er eitt stórt ævintýri að vera hér og fylgjast með undirbúningnum, sem gengur vonum framár hjá íslenska hópnum, og það verður spennandi að fylgjast með löndum okkar stíga á svið á þriðjudaginn.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Madrigalar sungnir

Vox feminae heldur tónleika í Hafnarborg í kvöld kl. 20, og þar verður flutt tónlist frá 16. og 17. öld undir yfirskriftinni „Þar sýprus grær“. Fluttir verða madrigalar og söngvar frá ýmsum löndum, þar á meðal eftir Claudio Monteverdi, Passerau, Giovanni Gastoldi, John Dowland, Thomas Morley, Orlando Gibbons og O. Vecchi. Á tónleikunum koma ásamt Vox feminae fram einsöngvarar úr röðum kórfélaga, Símon Ívarsson gítarleikari og Marion Herrera hörpuleikari. Listrænn stjórnandi tónleikanna er Margrét J. Pálmadóttir.



TÓNLIST Margrét J. Pálmadóttir söngstýra

- pbb

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 6. maí 2009

Fyrirlestrar



12.05 Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor í hagfræði, flytur erindið „**Bernska ofurseld valdi, hag- og sagnfræðileg greining**“ í sal ReykjavíkurAkademíunnar við Hringbraut 121, 4. hæð.

Tónleikar

18.00 Suzukideild Tónlistarskólans á Akureyri verður með úrskriftartónleika í sal skólans við Hvannavelli 14.

20.00 Vox feminae verður með tónleika í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði þar sem á efnisskránni verða fluttir madrigalar og söngvar frá ýmsum löndum.

20.00 Grétar Geir Kristinsson gítarleikari verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða meðal annars verk eftir **Kjartan Ólafsson, Bach** og **Granados**.

21.00 Plötuútgáfan **Bedroom Community** stendur fyrir tónlistartengdum viðburðum á Kaffibarnum við Bergstaðastræti, fyrsta miðvikudagskvöld hvers mánaðar. Í kvöld munu plötu-snúðar á vegum útgáfunnar leika tónlist af „demo“-diskum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

22.00 Bassaleikarinn **Norbert Marius** verður með tónleika í jazzjallaranum á Café Cultura við Hverfisgötu 18. Með honum koma fram **Ólafur Jónsson, Kjartan Valdemarsson** og **Erik Qvick**. Á efnisskránni verða jazzstandarar í bland við nýrra efni.



Leiklist

16.30 Tjarnarhópurinn sýnir hryllingsleikritið **Hótel Hrollstaðir** í Iðnó við Vonarstræti 3. Viðburðurinn er hluti af hátíðinni **List án landamæra**.

Opnanir

15.00 Á **Borgarbókasafninu** við Tryggvagötu verður opnuð sýning á stjórnunum sem börn úr frístundaheimilum Kringlumýrar hafa gert. Viðburðurinn er hluti af hátíðinni **List án landamæra**.

Dagskrá

19.30 Í tilefni af 150 ára fæðingarársmæli rithöfundarins **Knuts Hamsun** verður dagskrá í Norræna húsinu við Sturlugötu. **Trond Giske**, menningar- og kíkumálaráðherra Noregs, mun flytja ávarp og Leikararnir **Gunnar Eyjólfsson** og **Pórir Sæmundsson** lesa úr verkum Hamsuns. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



Handverksskaffi

20.00 Handverksskaffi verður haldið í Gerðubergi við Gerðuberg 3-5. **Sigurborg Stefánsdóttir** listakona sýnir bókverk og fjallar um þá möguleika sem listformið býður upp á. Fólk er hvatt til að hafa með sér þrjóna- eða saumadót.

Myndlist

Tryggvi Ólafsson og **Daði Guðbjörnsson** hafa opnað sýningar í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Opnið virka daga kl. 10-18, lau. kl. 11-16 og sun. kl. 14-16.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Erró gefur fleiri verk

Í gær hópaðist starfsfólk Listasafns Reykjavíkur saman og tekið var upp úr kössum sem voru komnir langan veg frá París. Guðmundur Guðmundsson – Erró – hafði enn tekið til í geymslum sínum í úthverfi Parísar og bætt við gjöf sína fyrir tuttugu árum til Reykvíkinga. Þá gaf hann á Listasafn Reykjavíkur yfir 2.000 verk sem urðu ásamt gjöf Kjarrvals sem lengi var umdeild meginstofninn í safnkosti Listasafnsins og gera það um langan aldur í öllu starfi samtvinnað nöfnum þeirra tveggja.

Nýja gjöfin telur um 150 verk, aðallega grafíkmyndir, klippi-myndir og olíuprent á striga.

Gjafarinnar sem þáverandi

borgarstjóri veitti viðtöku fyrir tveimur áratugum verður minnst með ýmsum hætti síðar á árinu.

Erró er væntanlegur hingað til lands undir lok maí vegna gjafarinnar og nýrrar sýningar á verkum hans. Danielle Kvaran, sem ritaði bókina Erró í tímaröð, sem nýlega kom út, hefur um nokkurt skeið starfað að undirbúningi stórrar sýningar, Erró – Mannlýsingar, sem verður opnuð í Hafnarhúsinu 28. maí. Á sýningunni eru frásagnarportrettar eða mannlýsingar af sögufrægum einstaklingum á sviði lista, bókmennta, vísinda og stjórnmála sem hafa að mestu leyti ekki verið sýndar hér áður. Sýningin stendur fram á næsta ár, en hluti hennar



MYNDLIST Tekið upp úr kössunum á Listasafni Íslands í gær.

FRÉTTABLAÐID/

er breytilegur og verður verkum skipt þar út reglulega. Glæsileg bók með textum ýmissa höfunda verður gefin út með sýningunni

og fjöldi þekktra einstaklinga mun tengjast sýningunni með einu eða öðru móti í skipulögðum viðburðum á árinu.

pbb@frettabladid.is

NOVARTIS



Drepur fóttsveppinn - þarf aðeins að bera á einu sinni

Lamisil Once 1% húðlausn inniheldur 10 mg af terbinafíni (sem hydróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fóttsvepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbinafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfisins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til úrtvortis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húðmeðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema bryna nauðsyn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglíngar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt ein kenni sjáist einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir eyðingu sveppisins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausn og ertr sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri þakningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhbrauni 12a, 210 Garðabæ.

> ÓSMEKKLEG KATY PERRY

Söngkonan Katy Perry gerir grín að svínaflensunni á bloggsíðu sinni. „Þar sem svínaflensan er mikið í tísku vildi ég vera viss um að vera með á nótunum með svínaflensuhringinn minn!“ skrifar hún og virðist ekki átta sig á alvarleika málsins. Katy sýnir mynd af hring sínum og telur þetta allt vera hið fyndnasta mál. Hundruðu manna hafa látið úr svínaflensunni.

fólk

folk@frettabladid.is



Prinsarnir vernda regnskóga

Vilhjalmur og Harry Bretaprinsar hafa gengið til liðs við föður sinn Karl í baráttunni gegn eyðingu regnskóganna. Í níutíu sekúndna myndbandi sem var frumsýnt á netinu koma prinsarnir fram ásamt tölvugerðum froski og stjórnum Harrison Ford, Daniel Craig, Robin Williams, Dalai Lama, Pele og Joss Stone.

Karl Bretaprins hefur stutt umhverfisvernd í fjölda ára og í þessari nýjustu herferð, sem hefur staðið yfir undanfarna mánuði, hefur hann vakið athygli á



DANIEL CRAIG Craig, betur þekktur sem James Bond, kemur fram í myndbandinu.

VILHJÁLMMUR Vilhjálmur Bretaprins og bróðir hans Harry vilja bjarga regnskógunum.

eyðingu regnskóga víðs vegar um heiminn. Með því að sýna myndbandið á netinu vildi hann ná til stærri hóps fólks en áður í von um að fá sem flesta í lið með sér.

„Markmið okkar, með ykkar hjálp, er að stofna netsamfélag sem berst fyrir verndun regnskóganna. Án þeirra munum við tapa baráttunni við þær stórhættulegu loftslagsbreytingar sem steðja að okkur,“ segir Karl á síðunni. „Með því að nýta okkur styrk netsins geta mismunandi samfélög sameinast um að koma skoðunum sínum á framfæri á einum og sama staðnum.“

Högni hjólar í Coldplay

Söngvarinn Yusuf Islam, sem áður hét Cat Stevens eða Högni Stefáns upp á íslensku, segir að hljómsveitin Coldplay hafi stolið lagi sínu Foreigner Suite og notað í hið vinsæla Viva La Vida. Ekki er langt síðan gítarleikarinn Joe Satriani sakaði Coldplay um lagastuld í tengslum við sama lag. „Það hefur verið talað um að Coldplay hafi stolið melódíu af Joe Satriani,“ sagði Islam. „En ef þið hlustið þá er þetta mitt lag.“ Þrátt fyrir þetta er óvíst hvort hann ætlar að höfða mál gegn sveitinni. Árið 2003 samþykkti hljómsveitin The Flaming Lips að skipta höfundarlanum af laginu Fight Test með Islam eftir að það var talið of líkt lagi hans Father and Son.



CHRIS MARTIN Meðlimir Coldplay aftur sakaðir um lagastuld.



YUSUF ISLAM Islam hefur sakað Coldplay um að hafa stolið lagi sínu Foreigner Suite.

KIDMAN BÁLREIÐ

Kvikmyndastjórnur eru frægar fyrir að láta ýmislegt gossa í samtölum sínum við fjölmiðla. Nú er Nicole Kidman hins vegar nóg boðið og sakar breskt tímarit um skáldskap.

Óhætt er að segja að hárin hafi risið á slúðurblaðamönnum í Bandaríkjunum þegar þeir lásu nýtt viðtal við Nicole Kidman í breska blaðinu Easy Living, því þar mátti sjá sjaldséða árás hennar á fyrrum eiginmanninn Tom Cruise. Samkvæmt Easy Living-viðtalinu vildi Kidman meina að hún hefði einungis verið upp á punt fyrir ofurstjórnuna smávöxnu. „Við fórum saman á Óskarsverðlaunin og ég hugsaði alltaf að ég væri þarna til að styðja við bakið á honum. Mitt starf var að finna fallegan kjól, láta sjá mig en ekki segja orð,“ er haft eftir Kidman í viðtalinu.

Þetta brýtur óneitanlega í bága við það „heiðurssamkomulag“ sem ríkt hefur á milli Kidman og Cruise síðan þau skildu árið 2001 eftir ellefu ára hjónaband. Þau hafa nefnilega ætíð talað fallega um hvort annað þegar sambandið ber á annað borð á góma í viðtölum.

Og þess var heldur ekki langt að biða þar til fjölmiðlafulltrúi Kidman birtist



EKKI SATT Fjölmiðlafulltrúi Nicole Kidman gaf frá sér misvísandi yfirlýsingu þar sem viðtal við Nicole Kidman var sagt mánaðargamalt en á öðrum stað var það sagt vera skáldskapurinn einn.

NORDOCPHOTOS/GETTY

í fjölmiðlum til að leiðrétta þennan misskilning. „Viðtalið er mánaðargamalt og orð Kidman voru tekin úr samhengi,“ sagði Catherine Olan við vefsíðuna TheCelebrityTruth.com. Olan bætti því við að Kidman hefði aldrei farið í viðtal við blað með þessu nafni og því væru orð hennar hálfgerður skáldskapur. Þetta er nokkuð skondið þar sem Olan var í setningunni á undan búin að viðurkenna að umrætt viðtal væri mánaðargamalt.

Eins og almenningur ætti að vita er Kidman nú gift kántrýhetjunnari Keith Urban en Tom Cruise er að sjálfsögðu giftur leikkonunni Katie Holmes.

BARA UPP Á PUNT Nicole sagði í viðtalinu að hún hefði bara verið upp á punt í hjónabandi sínu og Cruise.



Kynningarfundur á vegum Rannís
föstudaginn 8. maí
Grand Hótel Reykjavík 9:00-11:00

Upplýsinga- og samskiptatækni

Styrkir til rannsókna í 7. Rannsóknáætlun ESB

Markmið áætlunarinnar er að bæta samkeppnishæfni evrópsks atvinnulífs og að skapa ramma um framtíðarþróun upplýsinga- og samskiptatækni til að mæta þörfum þjóðfélagsins og hagkerfisins. Upplýsinga- og samskiptatækni er kjarni þekkingarþjóðfélagsins og með starfi og styrkjum áætlunarinnar verður rennt styrkari stoðum undir vísinda- og tæknigrunn Evrópu og tryggð verði að hún verði í forystu á þessu sviði.

Dagskrá:

Upplýsinga- og samskiptatækni í 7. Rannsóknáætlun ESB

Oluf Nielsen, fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB.

Reynsla af þátttöku í verkefni á vegum áætlunarinnar

Kristinn R. Þórisson, Háskólanum í Reykjavík

Aðstoð í boði fyrir væntanlega umsækjendur

Aðalheiður Jónsdóttir, alþjóðasviði Rannís

Fyrirspurnir

Fundarstjóri

Sigurður Björnsson, Rannís

Fundargestum verður boðið upp á léttan morgunverð.

Vinsamlegast sendið tilkynningu um þátttöku á netfangið rannis@rannis.is

Boðið verður upp á stutta einstaklingsfundi með Oluf Nielsen eftir hádegi.

Áhugasamir geta pantað tíma hjá Rannís í síma 515 5800, eða á rannis@rannis.is.



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

2009

Miðvikudaginn 6. maí kl. 20
Verið velkomin á Handverkskaffi í Gerðubergi
Bókverk - Bækur sem listaverk
Umsjón: Sigurborg Stefánsdóttir, myndlistarkona

6. og 8. maí kl. 20 Allir velkomnir
Kvæðamannafélagið Iðunn
Kvæðalagaæfing á miðvikudagskvöld og síðasti félagsfundur vetrarins á föstudagskvöld

Vissir þú...
að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, fundi, námskeið og veislur. Salir og fundarherbergi fyrir 8-120 manns. Fjölbreyttur tækjabúnaður er til staðar
Kynnið ykkur þjónustuna á gerduberg.is og galleryfiskur.is

Viltu vera vinur Gerðubergs? Kíktu á www.facebook.com!

Sýningar:

EFRI HÆÐ: Heyrðist eins og harpan væri að gráta
NEDRI HÆÐ: Myrkur sannleikur - Kolanámumenn í Kína

Sýningar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hóp. Netfang: gerduberg@reykjavik.is s. 575 7700

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is

VORDAGAR

-500%

AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM
Í NOKKRA DAGA

ELDRI VÖRUR FRÁ

990,- til 3.990,-

skyrtur, peysur
flís, softshell
úlpur ofl.

Regatta 
GREAT OUTDOORS™

www.utivistogsport.is

OPIÐ

VIRKA DAGA 10 – 18

LAUGARD. 11 – 16

SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST&SPORT

verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

ÁÐRIR SÖLUSTADIR: Hafnarbúðin Ísafirði, Hjá Dóru Hornafirði, Hornið, Sunnuhlíð Akureyri

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Múmínaílfarnir 650 Kr.

CRANK

STATE OF PLAY

ATH! 500 kr.

BÍÓ	SÝNINGARTÍMAR
X-MEN ORIGINS WOLVERINE	kl. 5:50 og 10:10 POWER 14
CRANK 2 HIGH VOLTAGE	kl. 8 og 10 16
STATE OF PLAY	kl. 8 og 10:30 12
MÚMÍNÁLFARNIR (650kr)	kl. 6 - Íslenskt tal L
VILTU VINNA MILLJARD?	kl. 5:50 12

HEIMSFRUMSÝNING Á FYRSTU STÓRMÝND SUMARSINS.

Hún elskaði allt sem Miami hafði uppá að bjóða...

...En nú þarf hún að flytja í mesta krummaskúð í heim!

Höfðinginn er bókinn kominn í bíó. Frábær fjölskylduskemmtun.

NEW IN TOWN

Stígvelaði kötturinn ísl. tal.

17 AGAIN

SÁM MÍNA	ÁLFABAKKA	SELFÖSS	
X MEN	kl. 5:40 - 8D - 10:20D 16	PUSH	kl. 8 - 10:20 12
X MEN	kl. 8 - 10:20 VIP	I LOVE YOU MAN	kl. 8 12
NEW IN TOWN	kl. 5:50 - 8 - 10:20 L	FAST & FURIOUS	kl. 10:20 12
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN	m/ísl. tali kl. 6 L	SÁM MÍNA AKUREYRI	
OBSERVE AND REPORT	kl. 8 - 10:20 16	STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN	m/ísl. tali kl. 6 L
OBSERVE AND REPORT	kl. 5:50 VIP	THE UNBORN	kl. 8 16
17 AGAIN	kl. 5:50 - 8 - 10:20 L	MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 6 L
I LOVE YOU MAN	kl. 8 12	STATE OF PLAY	kl. 8 12
KNOWING	kl. 10:20 12	SÁM MÍNA KEFLAVÍK	
MONSTERS ALIENS	m/ísl. tali kl. 5:50 L	17 AGAIN	kl. 8 L
SÁM MÍNA KRINGLUNNI		PUSH	kl. 8 12
NEW IN TOWN	kl. 8:20 - 10:20 L	BOY IN THE STRIPED PAYJAMAS	kl. 10:10 12
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN	m/ísl. tali kl. 6 L	KNOWING	kl. 10:10 12
THE UNBORN	kl. 10:30 16	PRÍÐJUDAGSBÍÓ	
OBSERVE AND REPORT	kl. 10:20D 16	- Í DAG -	
MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 6(30) L	KR. 500	
BAADER MEINHOF COMPLEX	kl. 5:40 3D syn. 16	GALDRE EKKI Í VIP. Á ÍSLENSKAR MYNDRIR OG Á MYNDRIR Í 3D	
LET THE RIGHT ONE IN	kl. 8 16		

NÝTT Í BÍÓ!

VINSÆLSTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG!

BOAT THAT ROCKED

X-MEN ORIGINS WOLVERINE LÚXUS

★★★★ - S.V. Mbl.

Múmínaílfarnir

CRANK

17 AGAIN

STATE OF PLAY

I LOVE YOU MAN

MÚMÍNÁLFARNIR

SMÁRA BÍÓ	SÍMI 564 0000	HÁSKÓLA BÍÓ	SÍMI 530 1919
BOAT THAT ROCKED	kl. 5:20 - 8 - 10:40 12	BOAT THAT ROCKED	kl. 6 - 9 12
X-MEN WOLVERINE D	kl. 5:40 - 8 - 10:20 14	X-MEN WOLVERINE	kl. 6:30 - 9 14
X-MEN WOLVERINE LÚXUS D	kl. 5:40 - 8 - 10:20 14	I LOVE YOU MAN	kl. 5:40 - 8 - 10:15 12
CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 8 - 10:10 16	DRAUMALANDIÐ	kl. 6 - 8 - 10 L
17 AGAIN	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 L		
DRAUMALANDIÐ	kl. 4 - 6 L		
MÚMÍNÁLFARNIR	kl. 3:50 L		
▲ 5%			
REGNBÓGINN Sími 551 9000	750 kr.	BORGAR BÍÓ Sími 462 3500	
ÓDÝRT Í BÍÓ!		BOAT THAT ROCKED	kl. 8 - 10:10 12
STATE OF PLAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30 12	X-MEN WOLVERINE	kl. 6 - 8 - 10 14
I LOVE YOU MAN	kl. 5:40 - 8 - 10:15 12	DRAUMALANDIÐ	kl. 6 L
FAST AND FURIOUS	kl. 5:40 - 8 - 10:15 12		
CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 5:50 - 8 - 10:10 16		
▲ 5%			

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓDANN MED KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

Þrjú hundruð hleypt inn

Um þrjú hundruð íslenskum flytjendum var hleypt inn á tónlistarsíðuna Gogoyoko.com fyrir skömmu. Heimasiðan hefur verið í undirbúningi undanfarin misseri og verður líklega opnuð í sumar.

„Þetta þýðir að þeir geta byrjað að prufa kerfið og geta sett tónlistina sína í sölu,“ segir Eldar Ástþórsson hjá Gogoyoko. „Þeir geta undirbúið sig undir það þegar Gogoyoko opnar.“ Alls eru tæplega fimm hundruð flytjendur á síðunni, þar af um hundruð erlendur og fer hópurinn ört stækandi. „Listamenn hafa tekið þessu



ELDAR ÁSTÞÓRSSON Gogoyoko.com hefur fengið mjög góð viðbrögð bæði innlendra og erlendra listamanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

fagnandi. Þeim finnst spennandi að það sé kominn nýr vettvangur fyrir þá til að selja og kynna

tónlistina sína,“ segir Eldar. „Við höfum fengið góð viðbrögð bæði frá stærri listamönnum og minni og það gefur okkur góð fyrirheit um að þetta sé á réttri leið.“

Eins og áður sagði vonast Eldar til að síðan verði opnuð í sumar. „Við erum enn með þetta í lokuðu prufunarmhverfi en við erum að opna þetta meira og meira og bjóða fleirum og fleirum inn.“

Á meðal þeirra sem hafa skráð sig inn á síðuna og sett þangað lög eru Sigur Rós, Hjaltalín og erlendu sveitirnar Grizzly Bear og Timbuktu.

Seth krafinn um milljónir

Tónlistarmaðurinn Seth Sharp þarf að mæta fyrir dóm í næstu viku. Yale-háskólinn krefur hann um skólagjöld. Seth er ósáttur.



SETH SHARP Bandaríski háskólinn Yale hefur höfðað mál gegn tónlistarmanninum Seth Sharp.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

„Ég hefði haldið að Yale hefði eitt hvað betra við tímenn sinn að gera,“ segir tónlistarmaðurinn Seth Sharp. Hinn virti bandaríski háskóli Yale hefur höfðað mál gegn honum vegna vangoldinna skólagjalda.

Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudaginn. „Ég hef sungið í Hvíta húsinu og í Afríku fyrir bandaríska sendiráðið. Það er ótrúlegt að Yale skuli gera þetta einhverjum sem hefur verið svona góður sendiherra fyrir skólann. Mér finnst þetta ekki mikil kurteis,“ segir Seth, sem tók þátt í X-Factor hér um árið.

Forsaga málsins er sú að þegar Seth stundaði nám við Yale var hann þar á skólstyrk. Tveimur árum eftir að náminu lauk krafðist skólinn þess aftur á móti að hann skyldi sjálfur borga skólagjöldin og þurfti hann að taka einkalán hjá skólanum fyrir þeim. „Yale segir að ég hafi aldrei greitt krónu af láninu en samkvæmt þeirra eigin gögnum er það ekki rétt,“ útskýrir Seth. Bætur hann við að lánið hafi fyrnst síðan hann tók það og á hann því ekki að þurfa að greiða það upp samkvæmt bandarískum lögum. Því hafi Yale ákveðið að höfða málið hér á landi í von um að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Krefjast lögfræðingar skólans þriggja

milljóna króna greiðslu en upphaflega lánið hljóðaði upp á fimm þúsund dollara, eða rúmar 600 þúsund krónur. „Það er mjög dapurt hjá þeim að gera þetta,“ segir hann.

Ástæðan fyrir því að Seth var sjálfur látinn borga námsgjöldin er sú að þegar hann var við nám í Yale brann hús fjölskyldu hans í hræðilegum eldsvoða þar sem faðir hans lét lífið. Þar töpuðust mikilvæg gögn tengd skólagöngunni sem hann þurfti á að halda og í framhaldinu hafði Yale vald til að endurkalla námslánið. „Þegar eldsvoðinn varð voru allir mjög skilningsríkir hjá skólanum en tveimur árum eftir að ég útskrifaðist þá segja þeir: „Við leyfum þér að útskrifast en núna skuld-

ar þú okkur skólagjöld. Þú berð núna ábyrgð á því sem gerðist fyrir tveimur árum.“ Ég var mjög reiður að þeir skyldu gera svona lagað. Mér finnst kjánalegt að þeir skuli höfða svona fátánlegt mál á Íslandi og reyni að gabbja íslenska dómskerfið á þennan hátt.“ segir Seth.

Seth er vongóður um að vinna málið: „Síðar meir get ég sagt barnabörnunum að Seth hafi barist með kjafti og klóm við hina miklu stofnun Yale. Ef dæmt verður mér í hag verður þetta gott dæmi um að stór stofnun reyni að fara til annarra landa og spila þar eftir öðrum reglum en eru í gildi í heimalandi sínu.“

freyr@frettabladid.is

UMTALAÐASTA BÓK ÁRSINS

2. PRENTUN KOMIN

ELDFIM OG UPPLÝSANDI



1. Sæti

SETTU ÚTRÁSARVÍKINGARNIR ÍSLAND Á HAUSINN?

SAGÐI DAVÍÐ ODDSSON ÞJÓÐINNI ÓSATT?

ÁTTI AÐ FÆRA LANDBANKANUM GLITNI FYRIR LÍTID?

DRAP SEÐLABANKINN ÍSLENSKU KRÓNUNA?

HVAÐA ÁHRIF HÖFÐU NEYÐARLÖGIN?



www.forlagid.is

120 + 1030

1. vinningur



1150

MILLJÓNIR

Miðaðu á milljónir!

Potturinn í Víkingalottóinu stefnir í 120 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1030 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is

Fáðu þér miða fyrir kl. 16
í dag eða taktu séns á
að missa af þessu!

V Í K I N G A
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR KEFLAVÍK 4. SÆTINU Í PEPSI-DEILDINI 2009

> LYKILMAÐURINN

Hólmar Örn Rúnarsson styrkti lið Keflavíkur gríðarlega mikið er hann gekk aftur í raðir liðsins frá Silkeborg í Danmörku skömmu fyrir tímabilið í fyrra. Hann var einn besti leikmaður mótsins og átti ríkan þátt í velgengni Keflavíkurliðsins sem að lokum varð að sætta sig við annað sæti deildarinnar. Það mun jafnvel mæða enn meira á honum í sumar þar sem Keflavík hefur misst marga sterka leikmenn frá síðasta ári.



**ÞRIR
LYKILMENN**



**JÓHANN B.
GUÐMUNDSSON**



**SÍMUN
SAMUELSEN**



**GUÐJÓN ÁRNI
ANTONIÚSSON**

GENGI SÍÐUSTU ÁRA 2008 2. sæti í A-deild 2007 6. sæti í A-deild 2006 4. sæti í A-deild 2005 4. sæti í A-deild 2004 5. sæti í A-deild 2003 1. sæti í B-deild

Hryggjarstykkið fór úr liðinu

Keflavík var hársbreidd frá því að vinna Íslandsmeistarátitilinn síðasta sumar en missti hann í hendur FH-inga í lokaumferðinni. Síðan þá hefur liðið misst nokkra lykilmenn og segir Kristján Guðmundsson, þjálfari liðsins, að það muni um minna.

„Hryggjarstykkið fór úr liðinu. Mér finnst því verið að spá okkur töluvert betra gengi en miðað við það sem á hefur gengið í okkar leikmannamálum. En sennilega er þetta áunnin virðing fyrir því sem við höfum verið að gera undanfarin ár. Ég met það allavega þannig,” segir Kristján.

Hann segir undirbúningstímabilið hafa gengið þokkalega. „Við höfum verið köflóttir í okkar leikjum í vetur en fórum til Portúgals í æfingaferð sem kemur til með að skila miklu inn í mótið fyrir okkur. Ég er öruggur á því,”

segir Kristján. „En annars tel ég það ósanngjarn að ætlast til þess að liði spili alveg eins og í fyrra. Við munum vissulega reyna eins og við getum en ég tel að væntingarnar í okkar garð fyrir tímabilið séu fullmiklar.”

Keflavík hefur misst átta leikmenn frá síðasta tímabili en fengið fjóra í staðinn, þar af tvo erlenda leikmenn. Þó nokkur lið hafa verið að bæta við sig erlendum leikmönnum á lokaspretinum fyrir mót og segir Kristján það ekki endilega víst að deildin verði lakari nú en í fyrra.


„Kannski að munurinn á fjölda útlendinga á milli ára í deildinni verði ekki mikill þegar upp er staðið. En ég held að deildin verði mjög jöfn og lið svipuð að styrkleika. Það verða líka lið sem munu koma mjög á óvart.”



> X-FAKTORINN

Markvörður og miðverðir

Keflavík frá síðasta tímabili verða ekki með í sumar. Ómar Jóhannsson markvörður er meiddur og þrír miðverðir fóru frá liðinu í vetur. Það verður því nýtt hjarta sem mun slá í vörn Keflavíkurliðsins í sumar.



GENGI Á VORMÓTUNUM

■ Sigrar ■ Jafntefli ■ Töþ

Ný sumardekk
Dekkjaskipti



Sparaðu, láttu skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbiladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kaupu sumardekkinn hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðuðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a,
Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvoggi 2.
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.
Skoðuðu www.max1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN

9. hæst vinnur!

sms - leikur

PRESSAN

www.pressan.is

Hvað er að fréttu?

SKEMMTILEGUR LEIKUR
FYRIR SNJALLA FRÉTTAHAUKA!

Þú sendir SMS skýtið
JA PRESSAN á númerið 1900.
Við sendum þér spurningu og þú svarar
með því að senda SMS **JA A, B** eða **C**
til baka á 1900. - Þú getur unnið!

**Aðalvinningur
75.000kr gjafabréf frá Iceland Express***
...og svo er fullt af veglegum aukavinningum
s.s bíómíðar, gos, DVD myndir, tölvuleikir og margt fleira

Iceland Express

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.
99 kr/skýtið. Þú færð 5 mín til að svara spurningu. Leik líkur 13. maí kl 23:59 2009

Getur vel verið að ég sé skelfilegur kvennaþjálfari

Benedikt Guðmundsson hefur samþykkt að taka að sér þjálfun kvennaliðs KR í körfubolta á næstu leiktíð. Hann hefur gert karlalið KR tvívegis að Íslandsmeisturum síðastliðin þrjú tímabil og var kjörinn þjálfari ársins nú í vor.

KÖRFUBOLTI Þjálfarinn Benedikt Guðmundsson rær á ný mið á næstu leiktíð. Eftir að hafa gert karlalið KR að Íslandsmeisturum í annað sinn í vor hefur hann nú samþykkt að taka að sér þjálfun kvennaliðs félagsins næsta vetur.

„Ég veit svo sem lítið um kvennaþjálfun, en ég kem til með að þjálfa þetta lið alveg eins og ég hef alltaf þjálfað. Ég vona að stelpurnar aðlagist mér, því það er örugglega allt of seint að reyna að breyta svona gömlum hundi eins og mér,” segir Benedikt léttur í samtali við Fréttablaðið.

Spurður hvort hann eigi von á að skamma stelpurnar jafn mikið og strákana þegar liðið er ekki að standa sig segir Benedikt: „Ég hef nú oft reynt að mýkja mig upp í þessari þjálfun en það hefur ekki tekist til þessa. Leikmenn og dómara hafa bara lært að taka mér eins og ég er og vonandi gera stelpurnar það líka,” sagði Benedikt og bættir við að hann taki við góðu búi.

„Þetta er virkilega skemmtilegt lið sem ég er að taka við og ef þær aðlagast mér fljótlega held ég að þetta verði gaman. Ég er að taka við mjög góðu búi. Þessar stelpurnar eru með mikinn metnað og æfa vel. Það verður fínt að vinna með þeim.“

En kom ekki til greina að fara

frá KR? „Maður er auðvitað KR-ingur og þegar á reyndi var niðurstaðan sú að mig langaði að halda áfram. Það voru nokkrar félög í sambandi við mig sem fengu mig til að hugsa málið, en ég er í góðri vinnu hjá KR og er partur af skemmtilegu teymi sem ég vil halda áfram að vinna með,” sagði Benedikt og reiknar með að væntingarnar til liðsins verði miklar.

„Ég man aldrei eftir KR öðruvísi en með himinháar kröfur, svo maður þekkir ekkert annað. Ég hef trú á þessu liði en það verður auðvitað erfitt að toppa árangur síðustu ára,” sagði Benedikt en KR varð bikarmeistari í vetur og var hársbreidd frá því að vinna Íslandsmeistarátitilinn í vor.

„Svo getur auðvitað vel verið að ég sé skelfilegur kvennaþjálfari og þetta springi allt í höndunum á mér. Ég ræð að minnsta kosti ekkert við dóttur mína, svo það er ekkert víst að ég ráði við heilt kvennalið,” segir Benedikt kíminn.

baldur@365.is

**BENEDIKT
GUÐMUNDSSON**

Á leið úr karlakörfunni í kvennakörfuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Próttarar notast við styrktaraðilakerfi að danskri fyrirmynd:

Margar hendur vinna létt verk

FÓTBOLTI Próttarar hafa boðið til nýbreytni í samningum félagsins við styrktaraðila fyrir komandi knattspyrnusumar sem hefst nú um helgina. Félagið hefur komið á fót verkefni sem nefnist Bandalagið og er regnhlífakerfi fyrir marga smærri styrktaraðila í stað þess að fá einn stóran styrktaraðila fyrir félagið.

Ásmundur Vilhelmsson, formaður knattspyrnudeildar Próttar, segir þetta gert að danskri fyrirmynd. „Við höfum lengi verið í samstarfi við Herfølge í Danmörku og það félag hefur notast við álíka kerfi í nokkur ár og reynst vel.“

Í stað auglýsingar frá fyrirtæki á búningi Próttar verður nú merki Bandalagsins. Fljótlega verður vefsíðunni bandalagid.is hleypt af stökkunum og verður það einn vettvangur þeirra fyrir-

tækja sem vilja auglýsa sig með þeim hætti.

„Fyrirtæki fá einnig auglýsingaskilti á völlum og félagssvæði, merki á viðtalsvegg og þannig mætti áfram telja,” segir Ásmundur.

Hann segir að félaginu hafi gengið vel að fá fyrirtæki til að ganga í Bandalagið. „Það er ótrúlegt hvað stjórnendur fyrirtækja hafa tekið hugmyndinni vel. Þarna er líka vettvangur fyrir minni fyrirtæki að auglýsa sig á þessum vettvangi og þeim gefinn kostur á að taka þátt í ýmsum skemmtilegum verkefnum með okkur. Það geta allir verið með, pípulagnarmenn og hárgreiðslustofur.“

Nánari upplýsingar um verkefnið verður hægt að nálgast á bandalagid.is.

- esá



STÓRU FYRIRTÆKIN VÍKJA Merki Bandalagsins mun þróa búninga Próttara nú í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





nikeplus.com
nikeplus
nikeplus.com
nikep
nikeplus.n

Nike hlaupakynningar

í verzlunum **Útilífs** í maí

- ▶ **6. maí** | Glæsibæ Kl. 16-18
- ▶ **8. maí** | Smáralind Kl. 16-18
- ▶ **15. maí** | Kringlan Kl. 16-19
- ▶ **20. maí** | Holtagarðar Kl. 16-18

- ▶ **7. maí** | Smáralind Kl. 16-18
- ▶ **14. maí** | Kringlan Kl. 16-19
- ▶ **19. maí** | Holtagarðar Kl. 16-18

nikeplus.is

ALLTAF BETRA VERÐ

acer **FARTÖLVA**

10.1"

89.990



Acer Aspire One D150-BTr

1.66GHz Intel Atom N280 örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 60GB harðdiskur • 10,1" TFT WSVGA skjár með 1024x600 punkta upplausn • Intel GMA950 PCI skjástýring sem nýtir DDR minnið • Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort og Bluetooth • 3x USB2.0, 10/100 Ethernet og VGA tengi • Microsoft Windows XP Home



acer **FARTÖLVA**

Acer Aspire 4935G-644G32MN

2.06GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 667MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • 14,1" WideScreen WXGA LED CrystalBrite skjár með 1366x768 punkta upplausn • Intel Graphics Media Accelerator skjá kort • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 512MB GeForce Go 9300M-GS TurboCache • Þráðlaust 802.11 abgn netkort með Acer InViLink og SignalUp tækni • Vefmyndavél í skjá • 3xUSB 2.0, VGA, eSATA, HDMI, Express Card o.fl. • Windows Vista Home Premium



149.990



**ÍSLENSKT
LYKLABORÐ**

Logitech Cordless Desktop EX 110

Þráðlaust lykklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum. Þráðlaus lasermús. USB 2. Fjöldi flýtihnappa.

8.990



**PHILIPS
22"**

LCD SKJÁR

Philips Brilliance 220SW9FB

22" svartur LCD breiðfalddsskjár, 1680x1050 dpi, 10000:1 í dynamic skerpu og 5ms.

35.990



**acer
19"**

LCD SKJÁR

Acer V193W

19" breiðfalddsskjár með 1440x900 upplausn, 1000:1 skerpu og 5ms viðbragðstíma.

24.990



iPOD VAGGA

Logitech Pure Fi Express Plus

Hátalarar og hléslustöð fyrir iPod með klukku, vekjara og fjarstýringu.

(Afm. iPod fyrir ekklu)

19.990



EPSON

MYNDASKANNI

Epson Perfection V10

Hágæða A4 myndaskanni sem skannar í 3200 x 9600 punkta upplausn, 3.2Dmax, USB tengi. Windows og Mac.

13.990

TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45

Grey's Anatomy

Fimmta sería þessa vinsæl-asta dramabáttar í heimi snýr aftur eftir stutt hlé. Dramatíkin hefur sjaldan verið jafn mikil en líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum í þessari þáttaröð. Veikindi Izzy hafa sett mark sitt á hópinn og með þeim hafa mörkin milli lækna og sjúklinga orðið óljósari en áður. Samband Owens og Christinu hefur verið stormasamt, en Owen er þjakaður af áfalaröskun eftir Íraksstríðið. Meredith og Derek reyna að plana brúðkaup á milli stríða og fá þau óvænta hjálparhönd.



VIÐ MÆLUM MED Ljóta Betty (Ugly Betty)

Sjónvarpið kl. 20.15

Sjónvarpið byrjar í kvöld að sýna nýja þáttaröð um Betty sem vinnur sem aðstoðar-kona Daniels Meade hjá tiskutímarit-inu Mode. Það er ekki auðvelt fyrir venjulega stúlku að passa inn í þennan heim glam-úrs og tisku en Betty hefur gengið bærillega fram til þessa og það verður spennandi að sjá hvernig henni reiðir af á næstunni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin	14.03 Á tónsviðinu
06.40 Veðurfregin	15.03 Útvarpssagan: Höfuðlausn
06.50 Bæn	15.30 Seiður og héglog
07.03 Auðlindin	16.00 Síðdegisfréttir
07.10 Morgunvaktin heldur áfram	16.10 Veðurfregin
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
08.11 Morgunstund með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.50 Dánarfregin
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.03 Veðurfregin	20.00 Leynifélagið
10.13 Trío	20.30 Pipar og salt
11.03 Samfélagið í nærmynd	21.10 Út um græna grundu
12.00 Fréttayfirlit	22.07 Veðurfregin
12.02 Hádegisútvarp	22.12 Orð kvöldsins
12.20 Hádegisfréttir	22.15 Sumarraddir
12.50 Dánarfregin og auglýsingar	23.10 Krossgötur
13.00 Vítt og breitt	00.07 Nætturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.30 Sjáðu
- 17.00 Hollyoaks (182:260)
- 17.25 Hollyoaks (183:260)
- 17.50 X-Files (10:24)
- 18.35 Seinfeld (11:22)
- 19.00 Hollyoaks (182:260)
- 19.25 Hollyoaks (183:260)
- 19.50 X-Files (10:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
- 20.35 Seinfeld (11:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlunga-fullir og hann sjálfur.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2 Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrr í kvöld.
- 22.00 Bones (9:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknu mórðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumáðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og stóra spurningin hvort þau komi nokkurn tímann til með að enda uppi sem par.
- 22.45 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyflegt.
- 23.15 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnr allt það heitasta í bíóheiminum.
- 00.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

- 10.05 Jonathan Creek 10.55 Jonathan Creek
- 11.45 My Hero 12.15 The Weakest Link 13.00 EastEnders 13.30 My Hero 14.00 Blackadder the Third 14.30 The Weakest Link 15.15 Jonathan Creek 16.05 Jonathan Creek 16.55 EastEnders 17.25 The Weakest Link 18.10 My Hero 18.40 Blackadder the Third 19.10 The Inspector Lynley Mysteries 20.00 The Chase 20.50 Blackadder the Third 21.20 My Hero 21.50 The Chase 22.40 Jonathan Creek 23.30 Jonathan Creek

DR 1

- 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Kontant 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.30 Ønskehaven 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Pigerne Mod Drengene 14.30 Mønster allergi 14.55 Svampebob Firkant 15.15 Isa's Stepz 15.30 Skæg med tal 15.55 Gurli Gris 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd? 18.00 Søren Ryge præsenterer 18.30 Testen 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 HåndboldOnsdag 20.30 HåndboldOnsdag 20.35 SportNyt 21.25 OBS 21.30 Onsdags Lotto 21.35 Taggart

NRK1

- 10.00 NRK nyheter 10.10 Brennpunkt 11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Danske vidundere 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 Filandshagen 13.00 NRK nyheter 13.05 Par i hjertet 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Dyrisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Lille Prinsesse 16.10 Postmann Pat - Spesialpakkeservice 16.25 Livet på landet 16.35 Mamma Mirabelle viser dyregæter 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerinspektørene 18.00 Eventyret om Thea Foss 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Vikinglotto 19.45 Sporløst forsvunnet 20.30 Migrapolis 21.00 Kveldsnytt 21.20 Vår aktive hjemme 21.50 Lov og orden. New York 22.35 The Wire 23.30 Kulturytt 23.40 Du skal høre mye jukeboks

SVT 1

- 10.00 Rapport 10.05 Mäklarna 10.35 En ljusglimt i mörkret 11.05 Oraklen 11.55 Citronträd och motorolja 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Hedebyborna 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Sommer 20.00 Entourage 20.25 Simma lugnt, Larry! 20.55 Kulturyheterna 21.10 Draknästet 22.10 Sändningar från SVT24

Nýjung með bláberjum

KEA skyrdrykkirnir með náttúrulegum agavesafa hafa sannarlega slegið í gegn. Nú bætist í hópinn ný brauðtegun - KEA skyrdrykkur með bláberjum. Bláber eru ein helsta uppspretta andoxunarefna sem styrkja ónæmiskerfið og eru góð vörn gegn sjúkdómum. Án hvíts sykurs. Án sætuefna. Með náttúrulegum agavesafa. Veldu eitthvað hollt og brauðgott.

KEA SKYRDYKKUR FÜR HEILBRIGÐAN LÍFSSTÍL



Það er Grænn kostur enda stutt frá þar sem ég bý. Réttirnir þar hafa aldrei klikkað en ef svo ólíklega væri þá er alltaf hægt að kaupa spinatökuna.“

Anna Svava Knútsdóttir leikkona.

Skjólstæðingur Sveppa með kók í Brasilíu

„Djöfuls vesen er þetta. Hann var náttúrulega með útlitið, opinn og skemmtilegur og fékk sínar hugmyndir. En þetta telst líklega sísta hugmyndin hans,“ segir Sveppi.

Ragnar Erling Hermannsson, hinn tuttugu og fjögurra ára gamli Íslendingur sem tekinn var á flugvelli í Brasilíu á leið til Spánar með sex kíló af kókaíni, og var mjög til umfjöllunar í fréttum í gær, er góðkunnngi sjónvarpsstjarnaanna

RAGGI TURNER | Leitinni að Strákunum. Sveppi telur að kókaínsmygl Ragga sé líklega hans sísta hugmynd.

Sveppa og Audda. Þannig var að þegar Stöð 2 efndi til raunveruleikabáttanna Leitin að Strákunum árið 2007 var Ragnar, sem kallaði sig Ragga Turner, einn þátttakenda en milli hundrað til tvö hundruð gáfu sig fram. Raggi átti góðu gengi að fagna í þáttunum og naut mikillar velvildar þeirra Sveppa, Audda og Péturs Jóhanns. Náði 5. eða 6. sæti ef Sveppi man þetta rétt en þáttirnir gengu út á að finna arftaka þremminganna til að stjórna skemmtiþætti í sama anda og Strákarnir voru og eru. „Hann var góður í þáttunum. Og helvíti hress. Of hress? Að hann hafi verið á einhverju? Þetta var náttúrulega 2007 en nei,nei,

hann var ekki í neinu rugli. Þetta er ágætis náungi,“ segir Sveppi. Og honum er brugðið: „Auðvitað bregður manni alltaf þegar maður heyrir af Íslendingum í brasilísku fangelsi.“

Í það minnsta einn annar sem hefur gert góða hluti í raunveruleikabáttum á vegum Stöðvar 2 hefur komið

LEITIN AÐ STRÁKUNUM

Raggi Turner var í miklu uppáhaldi hjá Strákunum, opinn og skemmtilegur og fékk sínar hugmyndir.



við sögu í hliðstæðu máli en það er að sjálfsgöðu Kalli Bjarni sem sigraði í Idolinu á sínum tíma. -jbg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. löngun, 6. kraðak, 8. fyrirboði, 9. duft, 11. óður, 12. svartur (um hross), 14. glaður, 16. átt, 17. atvikast, 18. ílát, 20. bardagi, 21. fugl.

LÓÐRÉTT

1. bumba, 3. þys, 4. tungumál, 5. lítill sopi, 7. hver og einn, 10. blund, 13. tangi, 15. samstæða, 16. sjáðu, 19. tveir eins.

LAUSN

LÖBDRÉTT: 1. vömb, 3. ys, 4. spænska, 5. tár, 7. séhver, 10. lífr, 13. nes, 15. sétt, 16. sko, 19. ri.
LÁRÉTT: 2. lýst, 6. ós, 8. spá, 9. mál, 11. ær, 12. þróun, 14. hress, 16. sv, 17. ske, 18. ker, 20. at, 21. orti.

JÓHANNA OG FLEIRI FLUGFREYJUR Í GUFUBAÐI Flugfreyjur Loftleiða voru í mörgum tilfellum toppmódel enda gengu þær í fyrirsætustörf samhliða öðrum störfum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er önnur frá vinstri á myndinni.



SIGURGEIR ORRI: LOFTLEIÐAFLUGFREYJUR VORU ALGJÖRAR SKVÍSUR

Jóhanna forsætisráðherra mynduð háfnakin í gufubaði

„Það var ekki fyrr búið að hengja Ungfrú Ísland borðann um háls þeirra en búið var að ráða þær til Loftleiða,“ segir Sigurgeir Orri Sigurgeirsson kvikmyndagerðarmaður.

Á föstudaginn verður heimildarmynd hans um Loftleiðir frumsýnd en við gagnaleit fyrir myndina rak á fjórir Sigurgeirs Orra einstæða mynd. Hún sýnir fjórar fögulegar ungar konur í gufubaðinu á Hótel Loftleiðum. Ein þessara fyrirsæta er Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra Íslands. Eftir því sem næst verður komist er einsdæmi að til sé mynd af forsætisráðherra nokkurs þjóðlands við



JÓHANNA Í DAG Einhver myndi kannski segja að hennar tími, svo vísað sé í frægt slagorð forsætisráðherra, sé fyrir löngu kominn þegar hún taldist í hópi fögulegustu kvenna landsins í starfi sveipiuðu ævintýraljóma.

fyrirsætustörf með handklæði um sig miðja í gufubaði. Fréttablaðið auglýsir eftir upplýsingum þar um

ef þær finnast. „Já, þetta er sköndin mynd. Ég veit ekki hver tók myndina né nákvæmlega hvenær hún er tekin. En Jóhanna Sigurðardóttir var flugfreyja hjá Loftleiðum í átta ár frá árinu 1962.“ Að sögn Sigurgeirs Orra er að öllum líkindum um að ræða auglýsingamynd sem tekin er fyrir Hótel Loftleiðir. Flugfreyjurnar voru (og eru) algerar skvísur. Toppmódel. Enda var starfið sveipað miklum ævintýraljóma. „Þetta voru fyrirsætur. Flestar hverjar alveg gullfallegar. Það eru alltaf miklu fleiri sem sækja um að starfa sem flugfreyjur en fá. Enda býður starfið upp á ferðalög og allskonar skemmtilegheit.“ jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI


Handknattleikskappinn **Logi Geirsson** sýndi af sér fádæma kunnáttu í rómantík á tónleikum Lionel Richie nýverið. Bandaríski söngvarinn hélt tónleika á heimaslóðum Loga í Þýskalandi og fór leikmaðurinn ásamt sinni heitelskuðu,



körfuknattleikskonunni Ingibjörgu Elvu Vilbergsdóttur. Logi greinir frá því á heimasíðu sinni að myndatökumenn hafi myndað frægt fólk ásamt betri helmingnum og var það þeim á stóra skjái. Loga þótti þeir nú ekki kunna sig í kastljósinu og þegar myndavélin beindist að honum smellti landsliðsmaðurinn kossi á konuna sína. Brutust út svo mikil fagnaðarlæti að sjálfur Richie leit upp af pianóinu til að sjá hvar hefði stolið af honum senunni.

Jóhanna Guðrún fer nú mikinn í Moskvu og heillar alla upp úr skónum. Lagið Is it True þykir nokkuð grípanði og Eurovision-spekúlarar sem safnast hafa saman til höfuðborgar Rússlands eru sammála um að Jóhanna gæti náð góðum árangri. Til að tryggja að sem flestir geti skilið textann við lagið hefur það verið þýtt yfir á spænsku og frönsku auk rússnesku. Og svo er vist þýska útgáfan væntanleg.

Og ögn meira af Eurovision því yfirlit Moskvu eru logandi hrædd vegna yfirlýsinga samkynhneigðra aktivista um að halda Slavica Pride, nokkrum klukkustundum fyrir sjálft úrslitakvöldið. Heimspressan fylgdist grannnt með þessu máli í gær en töluvert er síðan Fréttablaðið greindi frá þessum áfornum. Ekki er langt síðan samkynhneigð var ólögleg í Rússlandi en réttarstaða homma og lesbía verður seint talinn ásætlanleg þar í landi. -fgg



NICOTINELL
Munnsogstöflur með MINTUbragði!
15% afsláttur
Apótekarinn+
lyf á lægra verði

Ásdís Rán spennt fyrir Tyrklandi

Ásdís Rán Gunnarsdóttir kveðst ekki kvíða því að flytja frá Búlgaríu ef eiginmaðurinn Garðar Gunnlaugsson skiptir um knattspyrnulið. Eins og alþjóð veit hefur Ásdís á skömmum tíma skapað sér nafn þar í landi.

Fram kom í viðtali við Garðar í Morgunblaðinu að hann hefði hug á að komast frá Búlgaríu og reyna fyrir sér á nýjum slóðum. Garðar hefur ekki átt fast sæti hjá liði sínu, CSKA frá Sofíu, en eiginkonan, Ásdís Rán, hefur hins vegar heillað búlgörsku þjóðina upp úr skónum.

Ásdís var stödd á Íslandi þegar Fréttablaðið náði tali af henni, nánar tiltekið í Bónus. Hún sagðist ekki hræðast flutninga ef af yrði. Slíkt væri bara hluti af fótboltalífri. „Nei, og svo yrði ég örugglega með aðsetur í Búlgaríu enda er ég kominn með ansi umsvifamikið fyrirtæki þar,“ segir Ásdís.

Hún telur tækifæri Garðars helst leynast í Grikklandi og Tyrklandi og þykir líklegt að þar myndu ekkert síður opnast nýjar dyr fyrir sig. „Og svo er ég líka mikil ævintýramanneskja þannig að þetta væri ekkert hræðilegt,“ segir Ásdís.

Nú standa yfir tókur á búlgörskum raunveruleikabáttum um eiginkonur fótboltakvenna þar í landi. Og Ásdís er að sjálfsgöðu meðal gesta. „Þeir eru að



HRÆÐIST EKKI NEITT Þrátt fyrir að Ásdís Rán hafi tekið Búlgaríu með trompi hræðist hún ekki brottflutning frá landinu. Hún yrði enn með aðsetur í landinu.

koma með mér í myndatökur og fylgjast með daglega lífinu hjá mér og börnunum,“ segir Ásdís. -fgg

Vinsælasti rokksöngleikur
allra tíma!



GREASE

Leikstjórn: Selma Björnsdóttir

Miðasala hefst í dag kl: 10

1000 króna afsláttur af öllum miðum
sem keyptir eru í dag í miðasölu
Loftkastalans eða á midi.is
Ath. gildir aðeins í dag!

Eftirtaldir sýningardagar eru í boði:
10/6, 11/6, 12/6, 13/6, 14/6,
20/6, 21/6, 26/6, 27/6, 28/6



www.loftkastalinn.is

miðasala: 527-1000

 Loftkastalinn



BAKÞANKAR
Kolbeins
Óttarssonar Proppé

Hið daglega val

Að tilheyra þjóð er dagleg atkvæðagreiðsla. Það fannst í það minnsta franska trúarbragðafræðingnum Ernest Renan seint á þarsíðustu öld. Mitt í þjóðernis-hræringum Evrópu í lok 19. aldar var Frakkinn á þeirri skoðun að það að tilheyra þjóð væri val; ekki söguleg eða menningarleg staðreynd. Þessa póstmóðernísku hugsun Renans er ágætt að hafa í huga nú um mundir, þar sem síst ber minna á þjóðernisumræðu nú en þá.

GRUNNURINN á bak við þessa hugsun er ekki sá að einn daginn vöknur við upp og ákveðum að verða Frakkar, Ítalir þann næsta og svo aftur Íslendingar. Hér er verið að undirstrika það að þjóðin sjálf er ímyndað samfélag, líkt og annar fræðimaður orðaði það, og það að tilheyra henni er því nokkurs konar val. Það er ekki greipt í stein hinnar óbreytanlegu tilveru að sá sem eitt sinn tilheyrir einum hópi, geti ekki síðar tilheyrð öðrum.

UMRÆÐAN nú um mundir hefur hins vegar orðið til þess að menn hafa aftur grafið sig ofan í skotgrafir þjóðernishyggjunnar. Eða kannski grafið sig enn dýpra en áður, því aldrei komumst við alveg upp úr þeim. Nú nota menn hvar í litrófi stjórnmálanna sem er þjóðernisleg hugtök í rökræðum; tilfinningin fyrir ættjörðinni er orðin pólitísk röksemd eins og tíðkaðist löngum.

SÚ hugsun var eitt sinn ríkjandi, ekki síst á meðal vinstrimanna, að samhygd á meðal manna hvar sem þeir væru á jarðarkringlunni væri mikilvægari en sérhagsmunir skilgreindra hópa, svo sem þjóða. Alþjóðahyggja var það kallað og dró menn þvert yfir hálfan hnöttinn til að berjast fyrir hugsjónum sínum. Í spænsku borgarastyrjöldinni voru menn ekki að berjast fyrir spænsku landsvæði, heldur hugsjónum alþjóðar.

KANNSKI væri betur fyrir okkur komið ef við horfðum til þessara hugsjóna á ný. Að í alþjóðlegum viðræðum við aðrar þjóðir eða þjóðabandalög notuðum við ekki endilega orðræðu Jónasar frá Hriflu eða sæktum í brunn sjálfstæðisbaráttunnar. Að þegar við horfðum upp á að einhver frá fjarlægum heimshorni vildi setjast hér að væri mannúðin framar í forgangs röðinni en almenn óþægindi eða áhyggjur af ástækra ylhýra tungumálinu.

MANNÚÐ er fallett orð en mun fallegri hugsjón.

GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 6. maí,
126. dagur ársins.


	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.43	13.24	22.08
Akureyri	4.13	13.09	22.08

Heimild: Almanak Háskólans

Ný lausn í heimabanka Byrs

Þú getur sparað milljooo.ooonir með niðurgreiðslu íslenskra lána!

- það er fjárhagsleg heilsa!



Milljóna sparnaður með 10.000 króna aukagreiðslu á mánuði

Tökum sem dæmi 11 milljón króna verðtryggt íbúðalán sem tekið var í september 2007. Með því að greiða 10.000 krónur aukalega á mánuði, sparast 10.671.376 krónur á lánstímanum. Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.

Það er einfaldara en þú heldur!

- ➔ Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu
 - ➔ Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur
 - ➔ Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr
- Sjáðu hvað þú sparar á byr.is

Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum

Lausnir með fjárhagslegri heilsu

Fjármálanámskeið á mannamáli • Stöðumatíð mitt og Heimilisbókhald • Fjármálapróf • Heilsupróf og ráðgjöf • Lenging lána • Greiðslujöfnun húsnæðislána • Fyrirframgreiðsla Lífsvæls • Frysting erlendra lána • Niðurgreiðsla lána

